

Ársskýrsla 2024

Samstarf í þágu atvinnu- og
byggðaþróunar á Suðurnesjum



SAMBAND SVEITARFÉLAGA Á SUÐURNESJUM

Ársskýrsla 2024

Fyrir vestan Grindavík, milli hennar og Hafna, er Reykjanes, hraunvaxið land og brunnið og graslaust að fráteknu Grasfelli (so heitir eitt fell mitt á nesinu), sem grasgróið er og óskýrt hver eigi segir Árni Magnússon handritasafnari í ritinu Chorographica Islandica. Í texta Árna segir einnig að Rosthvalanes er á milli Keflavíkur og Hafnavogs, það sem menn nú kalla Suðurnes eða distinctius (þ.e. nánar tiltekið): Hólmsleiru, Garð, Miðnes, Stafnes. Árið 1839 ritaði sr. Sigurður B. Sívertsen sóknarlýsingu en hann var sóknarprestur í Útskálaprestakalli sem þá náði yfir Útskála, Hvalsnes og Kirkjuvogssókn.

Í sóknarlýsingu segir m.a. „Úr fjarlægum plátsum eru þessar sóknir kallaðar Suðurnes, til aðgreiningar við Innes, nl. Seltjarnar- og Álfanes. Eiginlega heitir samt ekki annað Suðurnes en Hvalsnessókn, allt frá því nesinu fer að veita til suðurs frá fyrrnefndum Skaga, sem vestast liggur af landinu.”

Talið er að nafnið Suðurnes sé upphaflega komið frá vermönum, helst Norðlendingum. Fram kemur í fjórða bindi, Landið þitt, Ísland að þeir hafi notað það um Rosmhvalanes, Álfanes og Seltjarnarnes til aðgreiningar frá Akranesi og Kjalarnesi. Jafnframt kemur fram að Þorvaldur Thoroddsen hafi fyrir nefnt svæðið suðvestan Hafnarfjarðar, Reykjanesskaga Það má því segja að fyrr á tímum hafi verið gerður skýr greinarmunur á Reykjanesi og Suðurnesjum þar sem það fyrrnefnda var „hællinn” á skaganum en það síðarnefnda „táin”, en í dag sé nokkurn veginn um sama svæði að ræða.

Hvort sem notað er Suðurnes eða Reykjanes um svæðið er ljóst að fólk hefur sótt vinnu inn á okkar svæði í langan tíma. Íbúafjölgunin á sér engin fordæmi á Íslandi og við búum í fjölmenningsarsamfélagi. Í upphafi árs 1998 bjuggu hérna 15.715 manns en í upphafi árið 2025 voru íbúar 31.631 en það er rúmlega 100% fjölgun.

Árið 2008 var hlutfall erlendra íbúa á Suðurnesjum 9,8% en er árið 2025 32% eða 10.163. Hluti af skýringu er mikill vöxtur í atvinnulífi, sem þarf að mæta með vinnuafli. Þá sýnir þróunin það að fólk sest að til lengri tíma á Suðurnesjum.

Þrautsegja og dugnaður hefur einkennt íbúa Suðurnesjanna í gengum tíðina og hafa áskoranir verið margar. Við trúum því að Reykjanesskaginn sé lífæð landsins og þrátt fyrir ásóknirnar, sér tækifæri til vaxtar og þróunar margfalt fleiri.

Berglind Kristinsdóttir
Framkvæmdastjóri Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum

Efnisyfirlit

1. Íbúaþróun	5
Samsetning íbúa	7
Þróun aldursdreifingu	8
Búseta og flutningar til sveitarfélagsins	9
2. Starfsemi 2024	11
3. Samstarfsvertvangur sveitarfélaga og hagsmunaaðila	14
Markaðsstofa Reykjaness – áfangastaðastofa	15
Reykjanes jarðvangur - Reykjanes UNESCO Global Geopark	15
Heklan – atvinnuþróunn	16
4. Verkefni SSS 2024	17
Sóknaráætlun 2025-2029	18
Grindavík og náttúruvá	18
Atvinnuráðgjöf	18
Skipting styrkja - Tækniþróunarsjóður	19
FabLab opnar á Suðurnesjum	20
Heimsóknir í fyrirtæki	21
Fundir, fræðsla og vinnustofur	21
Reykjanesskaginn á krossgötum	22
Alþjóðleg ráðstefna evrópskra jarðvanga	22
Fjárfestahátíð	22
Flæði framtíðar	23
Starfsgreinakynning	24
Virknijbing Velferðarnetsins	25
Hæfni og gæði í ferðaþjónustu	26
Markaðsáherslur áfangastaðarins - vinnustofa	26
Vinnustofa fyrir hagsmunaaðila skemmtiferðaskipa	26
Kynningarfundur um Almyrkvann 2026	26
Kynningarfundur vegna UNESCO-skóla á Reykjanesi	27
Efling fræðslustarf Reykjanes Geopark	28
Uppbygging og umhverfismál	28
Umhverfisverðlaun Ferðamálastofu – Brimketill	28
Reykjanes á lista yfir 100 merkilegar jarðminjar 2024	29
Uppbygging og þróun ferðamannastaða á Reykjanesi	29
Hreinsunarverkefni Bláa hersins og Reykjanes jarðvangi	30
Samstarf við Bláa lónið - skiltaborg við Reykjanesvita	30
Snjallleiðsögn um Reykjanes Geopark	30
Gestastofa í Duus safnahúsi	31

Öryggi, upplýsingar og eldos	31
Aðstoð við Grindavík	31
Upplýsingar til ferðamanna og ferðaþjónustuaðila	31
Útsýnisstaðir	32
Erlendir fjölmíðlar	32
Ráðstefnur, sýningar og vinnustofur innanlands og erlendis	32
Námskeið starfsmanna markaðs- og áfangastaðastofa landshlutanna	32
Vinnustofur og sýningar erlendis	32
Samstarfsverkefni	33
Ráðstefnur á Reykjanesi	33
Skemmtiferðaskip á Reykjanesi	33
Íslandsstofa	34
Mannamót Markaðsstofa landshlutanna	34
Ferðaþjónustuvikan	34
Ný ferðaleið - Eldfjallaleiðin - sett í loftið	34
Gæði og hæfni í ferðaþjónustu	35
Íslenski ferðaklasinn	35
Íbúakönnun	35
Ný ljósmyndabók um Reykjanes	36
Innlend samstarfsverkefni Reykjanes Geopark	36
Alþjóðleg samvinna og samstarfsverkefni	37
Erasmus +	37
Northern Periphery and Arctic Programme	38
UNESCO, Global Geoparks Network og European Geoparks Network	39
Svæðisskipulag Suðurnesja	40
5. Viðaukar	42
Viðauki 1: Gagnatafla Suðurnes	43
Viðauki 2: Úthlutun 2024	45
Viðauki 3: Ársreikningur Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum	47




1. Íbúaþróun

Ársskýrsla 2024



Íbúum á Suðurnesjum hélt áfram að fylgja á árinu en þeim fylgdaði um 4% á milli áranna 2023 og 2024. Alls voru 8.287 íbúar með erlent ríkisfang eða 27%. Íbúar á Suðurnesjum voru alls í árslok 30.930.







Samsetning íbúa

Alls eru 73% íbúa með íslenskt ríkisfang eða 22.643, 4.518 með pólskt ríkisfang og 3.769 með önnur erlend ríkisföng.


● Pólskt ríkisfang ● Önnur erlend ríkisföng





Þróun aldursdreifingu


Suðurnesin eru samansett af tiltölulega ungu fólk. Töluverð hækkan er á hverju ári í aldursflokk 18-66 ára. Það er þó áhyggjuefni hversu lítil fjölgun er í aldurshópnum 0-17 ára en aðeins fjölgvaði um 52 einstaklinga í þeim hópi á síðasta ári.




Búseta og flutningar til sveitarfélagsins

Ef búsetuflutningur er skoðaður má sjá að samsetning íbúa á milli sveitarfélaga er ekki einsleit. Mikill munur er á því hvaðan íbúar koma en flestir sem flytja á Suðurnesin, flytja frá öðrum landshluta.


Búseta og flutningur með íslenskt ríkisfang




Búseta og flutningur innflytjenda



Búseta og flutningur fólks með erlent ríkisfang



Búseta og flutningur fólk með pólskt ríkisfang



Kemur frá: ● Suðurnesjum ● Útlöndum ● Innanlands ● Enginn flutningur



2. Starfsemi 2024

Ársskýrsla 2024

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum Stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum SSS fundaði 11 sinnum á árinu 2024. Auk þess var haldinn Vorfundur Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum þann 12. apríl 2024 í Reykjanesbæ, fundarefnið var um innviði á Suðurnesjum. Aðalfundur SSS var haldinn þann 28. september.

Á aðalfundi SSS 2024 voru eftirfarandi tilnefndir í stjórn:

Reykjanesbær

Aðalmaður Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir
Varamaður Bjarni Páll Tryggvason

Suðurnesjabær

Aðalmaður Jónína Magnúsdóttir
Varamaður Sigursveinn Bjarni Jónsson

Grindavíkurbær

Aðalmaður Ásrún Kristinsdóttir
Varamaður Sverrir Auðunsson

Sveitarfélagið Vogar

Aðalmaður Björn G. Sæbjörnsson
Varamaður Guðmann Rúnar Lúðvíksson

Þann 19.12.2023 bárust upplýsingar frá Innviðaráðuneytinu um skiptingu fjármuna til Sóknaráætlunar landshluta. Skiptinguna má sjá í töflunni hér að neðan:

Landshlutar	Framlag 2024	Framlag 2023	Breyting	Breyting %
Vesturland	98.732.123	100.177.112	-1.444.988	-1,4%
Vestfirðir	107.286.266	108.856.448	-1.570.182	-1,4%
Norðurland vestra	104.888.742	106.423.835	-1.535.093	-1,4%
Norðurland eystra	127.933.731	129.806.098	-1.872.367	-1,4%
Austurland	104.266.283	105.792.267	-1.525.983	-1,4%
Suðurland	113.457.371	115.117.870	-1.660.499	-1,4%
Suðurnes	95.035.483	96.426.370	-1.390.887	-1,4%
Höfuðborgarsvæðið	25.000.000	25.000.000	-	0,0%
Umsóknargátt	5.000.000	5.000.000	-	0,0%
Samtals	781.600.000	792.600.000	-11.000.000	-1,4%



Í febrúar 2024 var úthlutað úr Uppbyggingarsjóð Suðurnesja til 38 verkefna, að upphæð kr. 51.700.000,- Styrkbeiðnir voru 73 talsins og hljóðuðu upp á rúmlega 180 milljónir króna.

Uppbyggingarsjóður Suðurnesja er samkeppnissjóður sem hefur það verkefni að styðja við verkefni sem falla að Sóknaráætlun Suðurnesja á sviði menningar, atvinnu og nýsköpunar.

Auglýst var eftir styrkumsóknum 15. október 2023 og var opið fyrir umsóknir til 31. desember en vegna óvissuástands í Grindavík var ákveðið að lengja umsóknarfrestinn um 6 vikur.

Því miður þurfti að fresta úthlutahátíðinni í þrígang, fyrst vegna óvissuástands í Grindavík, síðan vegna veðurs og síðast vegna hitaleysis á Reykjanesskaganum. Í ljósi þessara ástæðna var ákveðið að úthlutunahátíðin færi ekki fram það ár því mikilvægt væri að byrja ferlið sem fyrst og skrifa undir samninga svo verkefnin gætu hafist.

Skiptingin milli flokka var eftirfarandi:

Stofn og rekstur fengu úthlutað 1.500.000. kr.

Menning og listir fengu úthlutað 23.080.000. kr.

Atvinnu- og nýsköpun fékk úthlutað 27.120.000. kr.

Ákveðið var að úthluta kr. 23.500.000 í ný áhersluverkefni 2024, þ.e.a.s. til viðbótar við þau verkefni sem eru til lengri tíma en eins árs.

Verkefnanr.	Nafn verkefnis	Upphæð
2024-1	Efling fræðslustarfs Reykjanes Geopark	5.000.000,-
2024-2	Evrópuráðstefna jarðvanga á Íslandi 2024	5.000.000,-
2024-3	Endurútgáfa bókar um Reykjanes	9.000.000,-
2024-4	Efling samstarfs við fyrirtæki á Suðurnesjum	500.000,-
2024-5	Snjallleiðsögn um Reykjanesið	4.000.000,-



Skipting framlaga vegna atvinnuráðgjafa á árinu 2024 var með eftirfarandi hætti:

Landhluti	Vestfirðir	Norðurland eystra	Suðurland	Austurland	Vesturland	Norðurland vestra	Suðurnes	Vigt
Stærð	2,44	4,21	4,28	2,88	2,78	2,12	2,30	5
Fjarlægð	4,36	2,67	2,52	4,35	2,32	2,92	1,85	3
Íbúaþróun	3,86	2,96	2,35	3,08	3,20	3,40	2,16	2
Viðkvæm svæði	4,73	4,22	2,17	2,17	3,19	2,34	2,17	2
Atvinnulíf	3,62	3,00	2,70	2,49	3,21	3,86	2,11	3
Vegjö skor	3,55	3,49	3,07	3,03	2,89	2,83	2,14	
Reiknuð upphæð	40.705.200	40.019.813	35.181.557	34.685.207	33.042.390	32.402.447	24.463.386	240.500.000
Upphæð á 1000 íbúa	5.516.357	1.258.801	1.040.721	3.089.446	1.883.723	4.359.856	787.896	
Hutdeild	16.93%	16,64%	14,63%	14,42%	13,74%	13,47%	10,17%	
Upphæð 2023	41.681.746	39.915.988	35.220.105	35.344.407	33.780.693	33.512.466	24.944.595	
Breyting 23-24	-976.546	103.825	-38.548	-659.200	-738.303	-1.110.019	-481.209	244.400.000

Framlög á hvern íbúa á Suðurnesjum er langt lægst af öllum landshlutum. Hvort sem um er að ræða Sóknaráætlun eða framlög vegna atvinnuráðgjafa/byggðaþróunar. Vekur það undrun, ekki síst í ljósi þeirra krefjandi aðstæðna sem atvinnulíf og íbúar á Suðurnesjum standa frammi fyrir vegna náttúruhamfara, hvort sem um er að ræða eldsgos eða smitsjúkdóma.



3. Samstarfsvettvangur sveitarfélaga og hagsmunaaðila

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum er vettvangur samstarfs í landshlutanum og leiðir þar fyrir hönd samstarfs- og hagsmunaaðila á svæðinu m.a. Reykjanes Geopark, Áfangastaðastofu/Markaðsstofu Reykjaness og Hekluna, atvinnuþróunarfélag Suðurnesja. Markmið með þessu samstarfi er meðal annars að þróa og útbúa verkfæri til að styðja við og byggja undir frekari þróun á svæðinu, verndun og uppbyggingu áningarástaða, skapa tækifæri til nýsköpunar og vörubróunar og fræðslu og styrkingu staðarímyndar. Starfsmenn áfangastaðastofunnar og jarðvangsins eru einnig atvinnuráðgjafar.

Markaðsstofa Reykjaness – áfangastaðastofa

Markaðsstofa Reykjaness er áfangastaðastofa landshlutans og er samstarfsvettvangur ríkis, sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja á svæðinu um þróun ferðamála og markaðssetningu á áfangastaðnum.

Hlutverk áfangastaðastofunnar er að stuðla að aukinni samhæfingu og stuðningi til að efla ferðaþjónustu og auka atvinnutækifæri í greininni, að vera leiðandi afl í markaðssetningu áfangastaðarins og þróun ferðaþjónustunnar í landshlutanum, að vera farvegur samstarfs til framkvæmda og stuðla að skilvirku innra samstarfi innan svæðisins.

Verkefni stofunnar eru fjölbreytt, snerta á öllum þáttum ferðamála svæðisins og miða öll að því að gera Reykjanesið að sjálfbærum og áhugaverðum áfangastað til að upplifa og njóta.

Árið 2024 einkenndist af áskorunum en einnig tækifærum í ferðamálum á Reykjanesi. Þrátt fyrir áframhaldandi náttúruvá, eldos og óvissu um framtíð byggðar í Grindavík, stóð Markaðsstofa Reykjaness áfram vaktina sem burðarás í þróun og markaðssetningu áfangastaðarins, í nánu samstarfi við sveitarfélög, fyrirtæki, Ferðamálastofu, Reykjanes jarðvang og fleiri. Verkefni ársins lögðu áherslu á öryggi, sjálfbærni og endurnýjaðan slagkraft í ímynd svæðisins – með það að leiðarljósi að styrkja ferðaþjónustuna og samfélagið á svæðinu.

Stjórn SSS er jafnframt stjórn Markaðsstofu Reykjaness. Á árinu var ákveðið að leggja niður kennitölu markaðsstofunnar en halda óbreyttri starfsemi sem deild eða sviði undir SSS. Áætlað er að vinna að þessum breytingum á árinu 2025.

Reykjanes jarðvangur - Reykjanes UNESCO Global

Jarðvangurinn er samfélagssáttmáli um verndun jarðminja og sjálfbæra nýtingu auðlinda svæðisins.

Hlutverk Reykjanes Geopark er að vera samstarfsvettvangur sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja á Reykjanesi sem vinna sameiginlega að uppbyggingu UNESCO hnattræns jarðvangs á Reykjanesi.

Jarðvangur þarf að sýna og kynna einstaka jarðfræðiarfleifð með alþjóðlegt mikilvægi. Tilgangur jarðvangs er sömuleiðis að kanna, þróa og hampa þeim tengslum sem eru á milli jarðfræðilegrar arfleifðar og annarra þátta í náttúru, menningu og óáþreifanlegum minjum á svæðinu. Þannig er unnið að tengslum mannlegs samfélags á jörðinni við 4.6 milljarða ára sögu jarðarinnar sem hefur mótað alla þætti í lífi okkar og samfélagi.

Verkefni Reykjanes jarðvangs miða að fræðslu innan jarðvangsins, vörubróun og uppbyggingu áningarástaða. Reykjanes jarðvangur hefur sína eigin stjórn en vinnur í nánu samstarfi við landshlutasamtökum og tengdar stofnanir.




Heklan – atvinnuþróunn

Heklan er leiðandi afl í uppbyggingu atvinnu og þróunar á Suðurnesjum með það að markmiði að fylgja atvinnutækifærum, efla hagvöxt, auka fjölbreytileika þeirra starfa sem í boði eru, skapa hagstæð skilyrði fyrir ný verkefni og tækifæri, kynna fjárfestingarkosti og efla Suðurnes sem eftirsóttan valkost til búsetu.

Markmið Heklunnar eru:

- Að skapa grundvöll fyrir samstarf í eflingu búsetuskilyrða, samkeppnishæfni svæðisins og nýsköpun og atvinnuþróunn.
- Að samþætta áherslur svæðisins í samræmi við Sóknaráætlun Suðurnesja.
- Að efla og styðja við atvinnulíf og nýsköpun með atvinnuráðgjöf og stuðningi
- Að byggja upp og efla gagnkvæma miðlun þekkingar, reynslu og hæfni

An aerial photograph of a rugged coastline. The dark, textured rock face meets the deep blue ocean. A red safety railing runs along a narrow path or walkway built into the cliff. Waves are crashing against the rocks, creating white foam and spray. The lighting suggests it's either sunrise or sunset, casting a warm glow on parts of the rocks.

4. Verkefni SSS 2024

Sóknaráætlun 2025-2029

Vinna við nýja sóknaráætlun fyrir Suðurnes hófst á árinu og var ákveðið að vinna hana samhliða endurskoðun á Svæðisskipulagi Suðurnesja. Engar athugasemdir bárust í samráðsgátt og hefur áætlunin verið samþykkt.

Grindavík og náttúrvá

Eldsumbrot á Reykjanesi héldu áfram að valda óvissu sem reyndi á íbúa og viðbragðsaðila sem og stoðkerfið allt. Eldgos á Sundhnúksgígaröðinni voru samtals sex á árinu og var neyðarstigi lýst yfir þann 8. febrúar þegar heitavatnslögn HS orku rofnaði sem olli heitavatnsleysi á Suðurnesjum. Ljóst er að tryggja þarf afhendingaröryggi orku á svæðið og hefur verið unnið að því eftir ýmsum leiðum.

Fjármagn fékkst frá ríki til þess að ráða two landverði til Suðurnesja til tveggja ára og verður þörf á áframhaldandi landvörlu endurskoðuð að þeim tíma liðnum. Munu landverðirnir sinna þeim landvörluverkefnum sem upp koma á svæðinu og eru til viðbótar við landvörð sem í dag sinnir öllu suðvesturhorninu.

Atvinnuráðgjöf

Í lögum um Byggðastofnun er kveðið á um að stofnunin skipuleggi og vinni að ráðgjöf við atvinnuvegi á landsbyggðinni í samstarfi við atvinnuþróunarfélag, sveitarfélög og aðra. Byggðastofnun hefur gert samning við sjö landshlutasamtök, þ.m.t. Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Atvinnuráðgjafar landshlutasamtakanna veita einstaklingum, fyrirtækjum og sveitarfélögum ýmsa ráðgjöf svo sem um markaðssókn, vörubróun, fjármögnun, kynningu, endurskipulagningu, erlend samskipti o.fl.

Atvinnuráðgjafar veita hverjum aðila 10 klst. í ráðgjöf án þóknunar. Þá er veitt fræðsla til frumkvöðla og sprotarfyrirtækja til þess að efla nýsköpun á Suðurnesjum en einnig er leitast eftir samstarfi við hagsmunaaðila og fyrirtæki heimsótt. Ráðgjöf og stuðningur vegna Uppbyggingarsjóðs og fyrirtækja í Grindavík var stærstur. Allir starfsmenn SSS og undirstofnana koma að atvinnuráðgjöf með einum eða öðrum hætti og getur því atvinnuráðsgjöf auk viðtala, tengst inn í fjölmörg verkefni og samtal við hagsmunaaðila á svæðinu.

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum gerði samstarfssamning við Eignarhaldsfélag Suðurnesja. Í honum flest að starfsmaður S.S.S. sér um daglega umsýslu félagsins. Eignarhaldsfélagið gekk í gegnum endurskipulagningu á árinu en ákveðið var að breyta nafni Eignarhaldsfélags Suðurnesja í Hviðu fjárfestingarfélag.

Nýtt nafn Hviða verður hjáheiti/undirheiti félagsins sem hefur ekki áhrif á skráningu þess í fyrirtækjaskrá. Þar mun félagið áfram heita Eignarhaldsfélag Suðurnesja með sömu kennitölu. Í framhaldinu var útbúið lógó og farið í gerð vefsíðu. Þetta var gert til að vekja meiri athygli á félagini markaðslega og ná til þeirra sem eru að leita að fjármagni hjá fjárfestingarfélagi.

Skipting styrkja – Tækniþróunarsjóður

Af 295 umsóknum í haustúthlutun Tækniþróunarsjóðs bárust 86% umsókna frá höfuðborgarsvæðinu og 14% utan þess. Af þeim voru 48 (96%) verkefni af höfuðborgarsvæðinu styrkt og 2 (4%) utan þess sem er sama hlutfall og í síðustu úthlutun vorið 2024. Sé hins vegar horft á staðsetningu á framkvæmd verkefna er staðsetning verkefna í öllum umsóknum 73% á höfuðborgarsvæðinu, 14% á landsbyggðinni og 12% erlendis.


Ljóst er að þetta hlutfall landsbyggðarinnar er lágt sem þarf að skoða. Flestar umsóknir bárust af Suðurnesjum fyrir utan höfuðborgarsvæðið eða samtals 10 en einungis ein umsókn hlaut styrk.

Fjöldi umsókna eftir landshlutum

Styrktarflokkur	HB	VL	NV	NE	VF	AL	SL	SN	?	Alls
Sproti	108	5	2	2	1	1	4	2	4	129
Vöxtur	90	1	2	2		1	4	3		103
Markaðssókn	30				1			2		33
Markaðsþróun	26			1				3		30
Alls	254	6	4	5	2	2	8	10	4	295

Fjöldi styrkja eftir landshlutum

Styrktarflokkur	HB	VL	NV	NE	VF	AL	SL	SN	?	Alls
Sproti	23									23
Vöxtur	16			1						17
Markaðssókn	5									5
Markaðsþróun	4							1		5
Alls	48			1				1		50



FabLab opnar á Suðurnesjum

FabLab á Suðurnesjum opnaði formlega í Fjölbautaskóla Suðurnesja föstudaginn 23. febrúar. Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum lagði til 4 milljónir króna til verkefnisins árið 2024. Aðrir sem leggja til verkefnisins eru Fjölbautaskóli Suðurnesja, Reykjanesbær og Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum.



Heimsóknir í fyrirtæki

Verkefnastjórar heimsækja reglulega fyrirtæki og fylgja eftir ráðgjöf. Hér má sjá myndir frá Aurora Abalone hefur tekist á við flókin úrlausnarefni undanfarin misseri en fyrirtækið ræktar sæeyra í Grindavík.

Fundir, fræðsla og vinnustofur

Nokkur námskeið og vinnustofur voru haldnar á svæðinu í tengslum við þau verkefni sem unnin voru á árinu. Mjög góð þátttaka var almennt á viðburðina og niðurstöður þeirra nýttar til frekari framþróunar í verkefnunum. Meðal þeirra námskeiða og vinnustofa sem haldin voru árið 2024 voru eftirfarandi:

11. janúar - **Sala á netinu:** Anna Claessen
21. febrúar - **Samráðsfundur um stefnu og framtíðarsýn í málefnum innflytjenda**
24. apríl - **Vörupróun, skipulögð sköpun:** Telma Björg Kristinsdóttir
10. maí - **Framtíðarhlutverk Fablab:** Vilhjálmur Magnússon
23. ágúst - **Kynningarfundur Tækniþróunarsjóðs:** Atli Arnarsson
25. september - **Evrópurútan í Reykjanesbæ**
8. október - **Kynningarfundur Klak**
25. nóvember - Fundur með HMS og SI um stöðu íbúðauppbyggingar á Suðurnesjum



Reykjanesskaginn á krossgötum

Reykjanesskaginn á krossgötum, þróun atvinnulífs í breyttu landslagi var yfirskrift opins fundar sem atvinnurekendum á Suðurnesjum var boðið til í Stapa, Hljómahöll mánudaginn 12. febrúar en fundurinn var haldinn í samstarfi sveitarfélaganna á Suðurnesjum, Kadeco og Isavia undir hatti Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Alþjóðleg ráðstefna evrópskra jarðvanga

Í byrjun október stóð Reykjanes jarðvangur (Reykjanes UNESCO Global Geopark) að alþjóðlegri ráðstefnu evrópskra jarðvanga í Hljómahöll í Reykjanesbæ. Alls tóku þátt 400 gestir frá 30 löndum og yfir 190 jarðvöngum og stofnunum sem hlýddu á 230 erindi. Ráðstefnan stóð yfir í 3 daga með erindum og vinnustofum auk dagsferða um Reykjanes. Yfirskrift ráðstefnunnar var „Thriving Amidst Nature’s Tests” sem er tilvísun í seiglu svæða þegar þau bregðast við áskorunum náttúrunnar líkt og samfélagið í Reykjanes jarðvangi sem tekist hefur á við jarð-

Fjárfestahátíð

Heklan og Hviða fjárfestingafélag tóku þátt í fjárfestahátíð Norðanáttar á Siglufirði en verkefnið var kynnt á Suðurnesjum og tóku frumkvöðlar af svæðinu þátt.



FLÆÐI FRAMTÍÐAR RÁÐSTEFNA

um nýsköpun, gervigreind og sjálfvirkni



NORA.ai
Norwegian Artificial
Intelligence Research
Consortium

FJÖLbrautaskólu
SUÐURNESJA

BETKJANEBER

algalif

atnorth

SSS

HS ORKA

50
HS ORKA



Flæði framtíðar

Ráðstefna um nýsköpun, gervigreind og sjálfvirkni var haldin á Suðurnesjum þann 15. nóvember undir yfirskriftinni Flæði framtíðar. Á ráðstefnunni var fjallað um nýsköpunarumhverfið og framfarir sem orðið hafa í tækni. Þar var m.a. rætt um gervigreind, sjálfvirkni og mikilvægi menntunar til að móta framtíðina.



Starfsgreinakynning

Fimmtudaginn 26. september fór fram starfsgreinakynning fyrir nemendur í 8. og 10. bekkjum á Suðurnesjum í Íþróttahúsinu í Keflavík. Kynningin var haldin af Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum í samstarfi við Þekkingarsetur Suðurnesja, sem sá um skipulagningu og framkvæmd viðburðarins.

Ársskýrsla 2024



Virkniþing Velferðarnetsins

Virkniþing Velferðarnetsins var haldið 26. september en þar var kynnt úrvval af virkni og tómstundum á Suðurnesjum. Fagfólk sem vinnur með fólk í t.d. velferðarþjónustu, heilbrigðisþjónustu eða í menningartengdu starfi var sérstaklega boðið velkomið.

Hæfni og gæði í ferðaþjónustu

Markaðsstofa Reykjaness í samstarfi við Hæfnissetur ferðaþjónustunnar, SAF og aðrar markaðsstofur landshlutanna vinna saman að verkefninu Menntamorgnar ferðaþjónustunnar. Þar er ferðaþjónustuaðilum boðið mánaðarlega uppá fræðsluerindi, bæði staðfundið og í streymi. Menntamorgnarnir bjóða uppá fræðslu í þeim flokkum sem liggja hvað næst fræðslubörf innan fyrirtækja, hvort sem það er í rekstri, markaðssetningu, stuðningi við þjálfun starfsfólks og íslensku kennslu. Góð aðsókn hefur verið á fundina og upptökur þeirra og verður áfram unnið með verkefnið inn í nýtt ár.

Markaðsáherslur áfangastaðarins – vinnustofa

Markaðsstofa Reykjaness stóð fyrir vinnustofu um markaðsáherslur áfangastaðarins Reykjaness. Markmið vinnustofunnar var að vinna að áherslur fyrir markaðssetningu svæðisins í samvinnu við fyrirtæki og sveitarfélög á svæðinu á sama tíma og unnið er með eldsumbrot í og við Grindavík. Mikilvægt er að ferðaþjónustan, sveitarfélög og aðrir hagsmunaaðilar vinni saman að því að kjarna áherslur og móta skilaboð svæðisins.

Á fundinn og vinnustofu mættu um 40 manns. Lilja Alfreðsdóttir, ráðherra menningar- og viðskipta ávarpaði fundargesti, fulltrúar frá Íslandsstofu fóru yfir áherslur áfangastaðarins Íslands, fulltrúi Markaðsstofu Reykjaness fór yfir þær áherslur sem hafa verið fyrir Reykjanesið og fulltrúi Digido var með fróðlegt innlegg um stöðu vefmiðla Visit Reykjaness og hvernig þeir hafa verið byggðir upp undan farin ár og hvernig vefurinn visitreykjanes.is er orðinn einn öflugasti visit-vefur landsins.

Vinnustofa fyrir hagsmunaaðila skemmtiferðaskipa

Í mars var haldin vinnustofa og rýnifundur í samstarfi við Reykjaneshafnir og AECO, með hagsmunaaðilum um móttöku skemmtiferðaskipa á Reykjanesi. Markmið með fundinum var að rýna í útgáfu handbókarinnar fyrir móttöku skemmtiferðaskipa með heitinu Cruise Ready. Með handbókinni er leitast við að undirbúa aðila fyrir komu skemmtiferðaskipa á öllum þjónustustigum, hvort sem það er höfnin, sveitarfélagið eða þjónustuaðilinn.

Meðfram útgáfu handbókarinnar var einnig settur upp orðalisti til að skýra orðanotkun og orðfæri notuð við móttöku skemmtiferðaskipa.

Handbókin var endurskoðuð eftir fundinn og gefin út sumarið 2024.

Kynningarfundur um Almyrkvann 2026

Markaðsstofa Reykjaness og Reykjanes jarðvangur buðu til kynningarfundar um almyrkvann verður á Íslandi 12. ágúst 2026. Fundurinn fór fram í Hljómahöll í ágúst.

Miðað við þá athygli sem slíkur atburður fær og álag á innviði svæða sem bjóða upp á besta mögulega útsýnið, þá er mikilvægt að byrja að huga að kynningarmálum og uppbyggingu innviða fyrir þennan atburð. Reiknað er með að útsýni á almyrkvann verði með besta móti á Reykjanesi.



Sævar Helgi, stjörnusérfræðingur var með kynningu á atburðinum og fór yfir mögulegar áskoranir og tækifæri svæðisins og möguleg verkefni sem áhugi á slíkum atburði getur haft á Reykjanesið. Meðal þess sem var rætt var hegðun ferðamanna, umferð og umferðaröryggi, útsýnisstaðir/ljósmyndastaðir og undirbúningur og þróun. Skilgreina þarf bestu staðina en líklegir eru til dæmis: Garður, Sandgerði, Reykjanestá, Kleifarvatn, Hvalsnes o.fl..

Í framhaldi af fundinum og í lok árs var óskað eftir að sveitarfélöginn myndu vinna að þessu verkefni saman og að verkefnið yrði leitt í gegnum SSS.

Upplýsingar um atburðinn má finna inn á vefsíðu Sævars (solmyrki2026.is).

Kynningarfundur vegna UNESCO-skóla á Reykjanesi

Þann 4. september 2024 var haldinn kynningarfundur og vinnustofa í Hljómahöll um innleiðingu UNESCO-skóla á Reykjanesi. Á fundinn voru boðnir fulltrúar allra skóla á svæðinu ásamt aðilum tengdum Suðurnesjavettvangi, sem er samstarfsverttvangur Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, Kadeco, Isavia og allra sveitarfélaganna fjögurra á Suðurnesjum, um innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna á svæðinu. Reykjanes jarðvangur er jafnframt samstarfsaðili verkefnisins og leggur til verkefnastjóra sem mun styðja skólana með því að skapa hlutlausn vettvang fyrir samvinnu og tengslamyndun þvert á skóla, skólastig og sveitarfélög.

Með þessum fundi var tekið mikilvægt skref í átt að sjálfbæru samfélagi á Reykjanesi. Fjölmargir skólar skrifuðu undir yfirlýsingu um að gerast UNESCO-skóli innan tveggja ára og allir aðilar Suðurnesjavettvangs skrifuðu undir yfirlýsingu um að styðja við innleiðinguna eftir fremsta megni. Þar með hefur skólasamfélagið sýnt sterka samstöðu og metnað til að vinna saman að innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.

Kynningarfundur vegna UNESCO-skóla á Reykjanesi

Þjónustusamningurinn milli GeoCamp Iceland, Reykjanes UNESCO Global Geopark og Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum (SSS) í að efla fræðslu- og kynningarstarf á svæðinu. Markmiðið með samstarfinu er að auka sýnileika jarðvangsins, tengja skóla og samfélag betur við náttúruauðlindir svæðisins og styðja við kennslu í STEM greinum og sjálfbærni. Samningurinn gerður til tveggja ára og lýkur í desember 2025. Miðað við hálft stöðugildi sem skiptist á milli starfsfólks GeoCamp Iceland, allt eftir eðli verkefna. Sigrún Svafa Ólafsdóttir hefur leitt þetta samstarf og hefur unnið náið með starfsfólk í innan SSS og forstöðumanni

Helstu verkefni:

- 1. Eflingu fræðslu og sýnileika jarðvangsins:** Verkefnið miðar að því að skilgreina og styrkja fræðsluhlutverk jarðvangsins, þar á meðal með þróun og innleiðingu kennsluefnis sem byggir á jarðfræði, sjálfbærni og STEM-greinum.
- 2. Innleiðing UNESCO skóla:** Samstarfið stefnir að því að innleiða UNESCO-skólaverkefnið í alla skóla á svæðinu. Nú hafa 18 skólar skrifað undir viljayfirlýsing og taka þátt í þróun heimsmarkmiða í kennslu.
- 3. Stofnun samstarfsvetvangs fræðsluaðila:** Byggja upp sterkt tengslanet milli skóla, sveitarfélaga og menntastofnana á svæðinu til að auðvelda miðlun þekkingar og stuðla að nýsköpun í kennslu.
- 4. Aðkoma að EGN ráðstefnunni 2024:** Samstarfið styður við undirbúning og framkvæmd EGN ráðstefnunnar með kynningarverkefnum og námsferðum fyrir kennara og fræðsluaðila.
- 5. Erlent samstarf og þróunarverkefni:** Auka þáttöku í alþjóðlegum verkefnum, svo sem Erasmus+ áætlunum (KA1 kennaraskipta verkefni og KA2 þróunarverkefni) auk umsókna í alþjóðlega styrktarsjóði.
- 6. Innlend samstarfs- og þróunarverkefni:** Próa og sækja um styrki í innlenda sjóði og verkefni sem styðja við fræðslu og nýsköpun innan jarðvangsins, þar með talið verkefni tengd STEM menntun, sjálfbærni og tengslum atvinnulífs og skóla. Markmið er að styrkja tengsl við nærumhverfið og skapa ný tækifæri fyrir menntun og atvinnu á Suðurnesjum.
- 7. Sjálfbærni og langtímastefna:** Byggja grunn að starfi fræðslufulltrúa jarðvangsins til lengri tíma og að Reykjanes jarðvangu eflið sem miðstöð menntunar, fræðslu og nýsköpunar

Uppbygging og umhverfismál

Umhverfisverðlaun Ferðamálastofu – Brimketill

Ferðamálastofa veitti Reykjanes Geopark Umhverfisverðlaun Ferðamálastofu fyrir uppbyggingu við Brimketil skammt vestan Grindavíkur. Um er að ræða framkvæmdir til að bæta öryggi og aðgengi ferðamanna en nauðsynlegt var að skilgreina aðkomu að áningaráðnum ásamt því að útbúa útsýnispall og stíga sem falla að landslaginu. Reykjanes Geopark í samvinnu við Grindavíkurbæ hefur hlotið fimm styrki frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða fyrir Brimketil.

Reykjanes á lista yfir 100 merkilegar jarðminjar 2024

Alþjóðajarðfræðisambandið (IUGS) gaf í annað sinn út lista yfir 100 merkilegar jarðminjar í heiminum. Þar á meðal eru tveir staðir á Íslandi, Reykjanes og Vatnajökull.

Listinn var formlega útgefinn á 37. alþjóðlegu ráðstefnu jarðfræðisambandsins í Busan Kóreu, 27. ágúst síðast liðinn. Á bak við þessa samantekt og viðurkenningu jarðminja að hálfu IUGS, standa yfir 700 sérfræðingar frá 80 löndum og 16 alþjóðastofnum. Á fjögurra ára fresti hittist samfélag jarðfræðinga frá öllum heimshornum og vinnur saman að því að velja staði/svæði á þennan lista. Markmiðið er að veita þeim svæðum, sem eru ómissandi fyrir jarðvísindin, viðurkenningu.

Þær forsendur sem liggja að baki vali á þessum stöðum og svæðum:

Hafa mikilvægt vísindalegt gildi.

Eru bestu dæmi heimsins um jarðfræðileg einkenni og ferli.

Eru staðir þar sem einstakar uppgötvanir um jörðina og sögu hennar hafa verið gerðar.

Eru svæði sem hafa með einhverjum hætti þróað jarðvísindin.

Uppbygging og þróun ferðamannastaða á Reykjanesi

Samstarfs- og faghópur um uppbyggingu og þróun ferðamannastaða hittist 2-4 á ári til að fara yfir og ræða uppbyggingaráform á svæðinu, þróun svæðisins, fræðast um verkefni af öðrum svæðum, koma með tillögur um uppbyggingu og o.fl.. Í hópnum sitja fulltrúar frá umhverfis- og skipulagssviðum sveitarfélaganna, fulltrúar ferðamálaverkefna hjá sveitarfélögum, auk fulltrúa frá Kadeco, Reykjanes Geopark og Markaðsstofu Reykjanes.

Staðarborg – Í samvinnu við Sveitarfélagið Voga var unnið að umsókn fyrir bílastæði og aðstöðu fyrir ferðamenn við Staðarborg á Vatnsleysuströnd. Umsókn var send til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða. Sveitarfélagið Vogar sendu inn umsókn fyrir verkefnið haustið 2024. Umsókn samþykkt.

Garðskagi, áfangi 1 – Suðurnesjabær og Reykjanes Jarðvangur unnu saman að því að sækja um styrk í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða vegna verkáfanga 1 í bættri aðkomu að Garðskaga. Verkefnið snýr að því að útbúa rútu- og bílastæði, göngu- og akstíg ásamt því að endurskipuleggja svæðið með þarfir ferðamanna og myrkraferðaþjónustu í forgrunni. Umsókn synjað.

Ráðgjöf – Starfsfólk Reykjanes jarðvangs og Markaðsstofu Reykjanes sinnti ráðgjöf til sveitarfélaga, landeigenda og einkaaðila um uppbyggingu og þróun á ferðamannastöðum. Það er ánægjulegt að innan jarðvangsins séu aðilar sem hyggjast byggja upp ferðamannastaði eða þjónustu og leita til okkar vegna þessa.

Gagnaöflun – Reykjanes jarðvangur annast talningu ferðamanna við sjö ferðamannastaði eða ferðamannaleiðir þ.e. við Brimketil, Brú milli heimsálfa, Gunnuhver að austanverðu, Keili, Garðskagavita, Reykjanesvitaveg og Ósabotnaveg. Gögnin sem safnast við þessar talningar hafa reynst jarðvanganum og sveitarfélögunum dýrmæt. Þá bætti Ferðamálastofa við tveimur teljurum við gönguleiðir inn á eldgosasvæðið við Fagradalsfjall og eins við Brú milli heimsálfa sem bætir enn betur í upplýsingar um heimsóknir á helstu



Hreinsunarverkefni Bláa hersins og Reykjanes jarðvangs

Reykjanes Geopark og Blái herinn hafa unnið að sérstöku hreinsunarverkefni á Reykjanesi sem hefur það að markmiði að strandsvæði Reykjanes Geopark verði það hreinasta á landinu. Verkefnið hefur verið styrkt af Sóknaráætlun Suðurnesja.

Samstarf við Bláa lónið – skiltaborg við Reykjanesvita

Undanfarin ár hefur starfsmaður Bláa lónsins séð um eftirlit með helstu áningarástöðum svæðisins og verið í stöðugu sambandi við verkefnastjóra varðandi svæðið. Samstarf þetta hefur tekist einkar vel og stjórн væntir áfram árangurriks samstarfs við Bláa lónið varðandi frekari uppbyggingu á svæðinu. Þá hefur Bláa lónið lokið við myndarlegar endurbætur á Vitavarðarhúsinu við Reykjanesvita. Í júlí voru sett upp þrettán skilti við Vitavarðarhúsið í nýju og uppfærðu últiti Reykjanes Geopark eftir forskrift Vegrúnar – Merkingar á ferðamannastöðum og friðlýstum svæðum. Á haustmánuðum voru vegmerkingar í grennd við Reykjanesvita og nágrenni skoðuð m.t.t. þess að nú sé komin þjónusta á svæðið s.s. salerni o.fl.

Snjallleiðsögn um Reykjanes Geopark

Um er að ræða snjallleiðsögn fyrir gesti Reykjanessins. Þannig að þegar gestir heimsækja áningarástað sem hefur sérstakan QR kóða, geta þeir skannað hann og séð þá mynd,

myndband eða frekari texta og lýsingar á staðnum í gegnum símana sína. Verkefnið miðar jafnframt að því að setja upp gagnagrunn og vefsíði með efni um allt að 20 áningarástaði á Reykjanesi sem gestir svæðisins geta nálgast þegar þeir heimsækja svæðið. Fyrstu skrefin hafa verið tekin í þessu verkefni en byrjað verður á að þróa efni á bakvið QR kóða á nýju skiltunum við Reykjanesvita. Verkefninu verður haldið áfram á nýju starfsári.

Gestastofa í Duus safnahúsi

Samhliða EGN ráðstefnunni var sýning Reykjanes Geopark í DUUS uppfærð og endurbætt með nýjum sýningarskiltum. Sýningin er staðsett í Gryfjunni og deilir þar rými með sýningu HS Orku tímabundið. Sýningin var unnin á þann hátt að auðvelt er að bæta við hana sýningaratriðum og stækka síðar.

Öryggi, upplýsingar og eldgos

Eitt af áhersluverkefnum markaðsstofunnar er upplýsingagjöf og öryggi ferðamanna. Verkefnið miðar að því að veita upplýsingar um ferðamál, samgöngur og þjónustu á svæðinu, stuðla að öryggi ferðamanna og hlúa að forvörnum þannig að ferðamaðurinn geti ferðast um svæðið öruggur og upplýstur og upplifað svæðið á jákvæðan hátt. Inn í þetta verkefni tengjast önnur og fjölbreytt verkefni eins og uppbygging áningarástaða, efnisgerð á vefsíðu og verkefni tengd eldgosunum í Fagradalsfjalli og Sundhnjúksgígarröðinni. Markaðsstofan hefur verið í lykilhlutverki við miðlun upplýsinga vegna eldgosa og lokana, þróaði ferla fyrir öryggisskilti og vann með Safetavel, Almannavörnum, Lögreglustjórann á Suðurnesjum, Ferðamálastofu, Íslandsstofu og fleirum að bættri upplýsingagjöf til ferðamanna og á áningarástöðum.

Meðal verkefna sem var unnið að eru:

Aðstoð við Grindavík

Jarðhræringar í og við Grindavík hafa litað alla starfsemi SSS og undirstofnana, þar sem flestir starfsmenn hafa komið að verkefnum sem miða við að aðstoða og léttu undir verkefni Grindavíkurbæjar og starfsmanna þeirra; hvort sem það hefur verið að aðstoða atvinnuteymi Grindavíkur, uppbyggingu í og við eldgosið í Fagradalsfjalli, kortleggja atvinnuhúsnaði eða annað.

Upplýsingar til ferðamanna og ferðaþjónustuaðila

Vegna jarðhræringanna hefur markaðsstofan og Reykjanes jarðvangur unnið að því að tryggja góðar upplýsingar til ferðamanna og ferðaskrifstofa um aðstæður á svæðinu, hvort sem það er gos í gangi eða á milli gosa. Mikil aðsókn hefur verið á svæðið vegna jarðhræringanna og því mikilvægt að gestir og ferðaþjónustuaðilar geti undirbúið sig áður en farið er af stað inn á svæðið. Vefurinn visitreykjanes.is hefur verið mikilvægur vettvangur slíkrar upplýsingagjafar og voru tæplega 500 þúsund notendur sem heimsóttu hann á árinu og mun fleiri sem nýttu sér kortagögn yfir gönguleiðir um gosstöðvarnar.

Útsýnisstaðir

Milli tíðra eldgosa við Sundhnúksgíga skapast mikill áhugi ferðamanna að skoða gosið og komast nærrí hraunjaðrinum. Unnið var reglulega að því að koma á og þróá útsýnisstað við nýtt hraunið nærrí Grindavíkurvegi til að léttá á þeirri þörf gesta að stöðvar bifreiðar á veginum og skapa þannig hættu í umferðinni. Einnig þótti ráðlagt að reyna að koma í veg fyrir að gestir færðu að ráðast í lengri göngur að hraunjaðrinum og þannig ganga yfir svæði sem ekki var talið öruggt yfirferðar.

Erlendir fjölmíðlar

Starfsmenn markaðsstofunnar vinna með erlendum fjölmíðlum allt árið, hvort sem það er við einfaldar fyrirspurnir eða skipulagning stærri ferða um svæðið. Samstarf við Íslandsstofu og Ferðamálastofu hefur þar skipt miklu máli, sérstaklega þegar kemur að áhuga þeirra á Grindavík, jarðhræringum og eldosum í Fagradalsfjalli. Starfsmenn markaðsstofunnar hafa m.a. komið að uppsetningu fjölmíðlaseturs vegna eldgosanna, svörun almennra fyrirspurna og leit að viðmælendum.

Ráðstefnur, sýningar og vinnustofur innanlands og erlendis

Námskeið starfsmanna markaðs- og áfangastaðastofa

Starfsmenn markaðs- og áfangastaðastofa hittast á 2ja daga námskeiði tvívar á ári, þar sem farið er yfir sameiginleg verkefni og fræðast um verkfæri og ferla nýrra verkefna til að byggja upp þekkingu innan svæðanna. Á námskeiðinu gafst starfsmönnum einnig færi á að ná fundum með starfsmönnum annarra stofnana sem vinna að ferðamálum á landsvísu, þar á meðal Íslandsstofu og Ferðamálastofu. Námskeiðin fóru fram á Vesturlandi og á Austurlandi og er stefnt á að næsta námskeið fari fram á Vestfjörðum og á netinu.

Vinnustofur og sýningar erlendis

Starfsmenn markaðsstofunnar sóttu nokkrar sýningar og vinnustofur erlendis á helstu mörkuðum Reykjaness, sem hluta af erlendri markaðssetningu á svæðinu. Meðal þess sem var sótt voru:

- Mannamót Markaðsstofa landshlutanna
- Vinnustofa fimm landa í London
- Vinnustofa í USA með Íslandsstofu
- Ferðakaupstefnan Vestnorden (haldin í Færeyjum)
- Seatrade Malaga
- AECO – ráðstefna og stefnumót við ferðaskrifstofur og skipafélög

Samstarfsverkefni

Samstarf við tengdar stofnanir er mikilvægur þáttur í starfseminni og eru verkefnin fjölbreytt. En öll miða þau að því að efla byggðaþróun innan landshlutanna og styðja við, efla og stuðla að tækifærum til virðisauka og vörubróunar.

Ráðstefnur á Reykjanesi

Ráðstefnur á Reykjanesi var eitt af áhersluverkefnum markaðsstofunnar sem meðal annars skilaði Reykjanes jarðvangi alþjóðlegu ráðstefnu evrópskra jarðvanga á árinu 2024. Starfsmenn markaðsstofunnar tóku virkan þátt í undirbúningi ráðstefnunnar, með það að markmiði að nýta þekkingu, reynslu og efnisgerð til frekari þróun Reykjaness fyrir fundi og ráðstefnur.

Unnið var að því að uppfæra efni og funda með ferðabjónustuaðilum að áframhaldi verkefnisins, þróun þess og markaðssetningu. Vilji er til áframhalds á verkefninu og unnið var að uppfærslu á kynningarrefni og gögnum fyrir svæðið.

Skemmtiferðaskip á Reykjanesi

Markaðsstofa Reykjaness hefur leitt samstarf um þróun og markaðssetningu á móttöku skemmtiferðaskipa á Suðurnesjum undanfarin ár. Verkefnið er unnið í samstarfi við Reykjaneshafnir og Grindavíkurhöfn.

Gefin var út handbók um móttöku skemmtiferðaskipa á árinu, auk orðalista í samvinnu við AECO. Handbókin er sett upp fyrir samfélög sem taka á móti skemmtiferðaskipum. Hún snýr að móttöku skemmtiferðaskipa á Reykjanesi og á að aðstoða hagsmunaaðila á svæðinu að vinna að undirbúningi og sjá tækifæri til þáttöku á móttöku skipanna og þeirra markhópa sem eru um borð.

Fyrsta skipið staðfesti komu sína í Reykjaneshöfn og var unnið með Reykjaneshöfnum að undirbúningi og kynningu á því innan svæðisins.

Grindavíkurhöfn kom inn í samstarfið í lok árs 2023, eftir forskoðun og undirbúningsvinnu með Grindavíkurbæ um móttöku skemmtiferðaskipa. Samtal hafði átt sér stað og undirbúningur hafinn með starfsmönnum Grindavíkurhafnar og Grindavíkurbæjar. En vegna eldgosa við Grindavík, var því verkefni slegið á frest. Samtalið hélt þó áfram og kynning á möguleikum Grindavíkur sem skemmtiferðaskipahafnar á svæðinu rædd við möguleg skipafélög. Eitt skip sýndi því áhuga og bókaði komu sína fyrir sumarið 2025. Frekari vinna og undirbúningur á eftir að eiga sér stað með Grindavíkurbæ á árinu 2025.

Í október sótti verkefnastjóri markaðsstofunnar ráðstefnu AECO í Oslo í Noregi til að kynna svæðið og tækifæri í móttöku minni skemmtiferðaskipa. En í netverki AECO eru að mestu leiðsöguskip sem eru helsti markhópur hafna á Reykjanesi sem hafa skilgreint hafnirnar aðeins fyrir minni skemmtiferðaskip. Þá fóru fulltrúar markaðsstofunnar og Reykjaneshafnar á Seatrade Europe í Malaga, þar sem styrkt var samband við frekari skipakomur Azamara Quest til næstu ára í Reykjaneshafnir og kynning fyrir áhugasöm fyrirtæki um heimsóknir til Grindavíkur skiluðu tilætluðum árangri.

Aukið samstarf þráðist á árinu milli landshluta, markaðsstofa og Cruise Iceland og áætlað er að það komi til með að vinnast áfram enn frekar á næsta ári.

Íslandsstofa

Mikið og gott samstarf er við Íslandsstofu á þeim sviðum sem stofnunin sinnir og þeirri þjónustu sem þau veita í nýsköpun, þróun og markaðssetningu erlendis. Meðal þeirra verkefna sem hafa verið fyrirferðamest eru undirbúningur og móttaka blaðamanna, fjárfestingar og markaðssetning erlendis í formi vinnustofa og sýninga sem áfangastaðurinn tekur þátt í. Þá hefur samstarf verið að þróast við fleiri svið innan Íslandsstofu tengt þeim verkefnum sem unnin hafa verið t.d. tengt ráðstefnu- og fundaverkefninu í samstarfi við Meet in Reykjavík, skemmtiferðaskipaverkefninu í samstarfi við Cruise Iceland og markaðssetningu í tengslum við sjávarútveginn og orkumál.

Mannamót Markaðsstofa landshlutanna

Mannamót Markaðsstofa landshlutanna er árleg ferðakaupstefna sem haldin er af Markaðsstofum landshlutanna. Markmið og tilgangur viðburðarins er að skapa vettvang þar sem ferðaþjónustufyrirtæki af landsbyggðinni fá tækifæri til að kynna sína þjónustu og vöruframboð fyrir ferðaþjónustuaðilum sem staðsettir eru á höfuðborgarsvæðinu.

Viðburðurinn er í dag einn stærsti viðburður ferðaþjónustunnar á Íslandi og mikilvægur þáttur í kynningarstarfi ferðaþjónustunnar.

Viðburðurinn var 10 ára í ár og var því fagnað með ferðaþjónustuaðilum um allt land. Met þátttaka var á viðburðinn þar sem hátt í 1.500 manns sóttu sýninguna, bæði sýnendur og gestir. Góð þátttaka var af Reykjanesi, þar sem 14 fyrirtæki tóku þátt.

Markaðsstofa Reykjaness vinnur að verkefninu ásamt öðrum markaðs- og áfangastaðastofum á landsbyggðinni.

Ferðaþjónustuvikan

Ferðaþjónustuvikan var haldin í fyrsta sinn í janúar samhliða Mannamóti Markaðsstofa landshlutanna. Markmið með vikunni er að auka vitund um mikilvægi ferðaþjónustu og efla samstarf og fagmennsku í greininni með fróðlegri og skemmtilegri dagskrá undir merkjum Ferðaþjónustuvikunnar.

Viðburðirnir voru allir haldnir á Höfuðborgarsvæðinu en meðal þess sem var boðið uppá í ár auk Mannamóta, var Nýársmálstofa SAF, Ferðaklasans og KPMG, viðburður um hvataferðamarkaðinn með Íslandsstofu, hraðstefnumót tæknifyrirtækja og ferðaþjónustu sem Ferðamálastofa og Ferðaklasinn sáu um, Dagur ábyrgrar ferðaþjónustu á vegum Íslandsstofu og Ferðaklasans og Straumhvörf, vörubróunarverkefni Áfangastaðastofu Norðurlands og Austurbrúar.

Ferðaþjónustuvikan er samstarf allra markaðsstofa landshlutanna, Íslenska ferðaklasans, Samtala ferðaþjónustunnar, Ferðamálastofu og Íslandsstofu.

Ný ferðaleið – Eldjfallaleiðin – sett í loftið

Markaðsstofur Suðurlands og Reykjaness í samstarfi við fjölmörg samstarfsfyrirtæki á svæðunum þróuðu og mótuðu nýja ferðaleið sem leiðir ferðalanga um Reykjaness og

Ársskýrsla 2024

Suðurland þar sem átta eldfjöll vísa veginn. Skipulagning og móturn leiðarinnar hófst árið 2021 og er því mikill tími og vinna á bakvið þróun leiðarinnar. Leiðin er bæði ætluð til að lengja dvöl gesta og fjölga gistenntum á svæðunum enda hafa svæðin uppá mjög margt að bjóða. Eldfjallaleiðin skiptir landshlutunum í átta stig og auðveldar þannig ferðalöngum að skipuleggja dvölina.

Eldfjallaleiðin var hönnuð af heimafólki fyrir forvitna ferðalanga sem sækjast eftir dýpri tengingu við náttúru og menningu landsins, hvort sem þeir eru innlendir eða erlendir. Íslendingar hafa lært að lifa með eldfjöllum í aldanna rás og er saga og menning Íslendinga samofin eldfjöllum. Eldfjöllin hafa þó ekki einungis mótað sögu okkar og menningu, þau spila einnig lykilþátt í móturn náttúru Íslands sem er í sérflokki og ástæða þess að margir ferðalangar velja Ísland sem áfangastað. Svartir sandar, hraunbreiður, jarðhitavæði og tignarleg eldfjöll einkenna landslagið og eiga það allt sameiginlegt að vera náttúruundur sem fólk sækist í að skoða og kynna sér. Svæðin hafa lengi unnið með eldvirknina en tveir jarðvargar (e. geopark) eru á svæðinu auk fjölmargra áfangastaða tengdir eldvirkni og sögu hennar.

Markaðssetning á ferðaleiðinni hófst á árinu en unnið verður áfram að frekari þróun ferðaleiðarinnar með það að markmiði að styrkja Reykjanesið sem áfangastað fyrir áhugasama ferðamenn um jarðfræði, eldvirkni og þróun samfélagsins.

Gæði og hæfni í ferðaþjónustu

Samstarf er á milli Markaðsstofu Reykjaness og Hæfniseturs ferðaþjónustunnar um kynningar á fræðslu og verkfærum fyrir ferðaþjónustuaðila og starfmenn þeirra. Markmið með samstarfinu er að efla hæfni og fræðslu innan ferðaþjónustunnar á svæðinu og vekja athygli á þeim því og sem eru í boði fyrir fyrirtæki.

MSS vann greiningu á fræðsluþörf á svæðinu í samvinnu við Markaðsstofu Reykjaness. Lítill þátttaka var við vinnslu á könnuninni en engu að síður gáfu niðurstöður hennar ákveðna þætti í ljós sem unnið verðu áfram með.

Íslenski ferðaklasinn

Markaðsstofa Reykjaness hefur verið í nánu samstarfi við Íslenska ferðaklasann í gegnum árin með það að markmiði að auka tækifæri í ferðaþjónustu á svæðinu og efla samkeppnishæfni greinarinnar. Meðal þeirra verkefna sem komið hefur verið að er tækifæri fyrirtækja á svæðinu í þátttöku í erlendum verkefnum (og fjármagnsstuðningur) eins og í verkefnunum Tourbit og CE4RT. Þá hófst undirbúningur fyrir Ratsjána 2025 í lok árs, þar sem SSS og Markaðsstofan voru samstarfsaðilar og fulltrúi þeirra kom að undirbúningi og markaðssetningu á verkefninu.

Íbúakönnun

Íbúakönnun lauk á árinu og voru niðurstöður kynntar í mælaborði Byggðastofnunar. Markmið og tilgangur könnunarinnar er að kanna hug íbúa til búsetuskilyrða, aðstæður á vinnumarkaði og afstöðu til nokkurra mikilvægra atriða, s.s. hamingju og hvort íbúar séu á förum frá landshlutunum.



Ný ljósmyndabók um Reykjanes

Reykjanes II er glæsileg ný ljósmyndabók sem er samstarfsverkefni Reykjanes UNESCO Global Geopark, Visit Reykjanes og ljósmyndarans Þráins Kolbeinssonar. Í bókinni eru myndir af eldhraeringum síðustu ára í bland við nýjar myndir af stórbrotinni náttúru Reykjanesskagans. Sérstök áhersla var einnig lögð á tinda Reykjaness, þar sem lítt þekktu hálandi svæðisins er gefinn sérstakur gaumur.

Þá var fyrri ljósmyndabókin Reykjanes I sem unnin er af sama teymi endurútgefin. Sú bók fangar fegurð svæðisins og fræðir um leið lesandann um Reykjanesskagann. Bókin kom upphaflega út árið 2021 en kemur nú í endurbættri kápu og með smávægilegum breytingum. Ljósmyndirnar eru teknar af Þránni Kolbeinssyni ljósmyndara. Bókin sýnir mynd af samfélagi og náttúru sem á sér engan líka.

Bókunum hefur verið dreift til ferðabjónustuaðila og sveitarfélaga, auk þess sem þær eru víða komnar í smásölu. Bækurnar eru einnig fáanlegar í vefsölu á vef Reykjanes Geopark (reykjanesgeopark.is). Báðar bækur eru á ensku og í harðkápu.

Innlend samstarfsverkefni Reykjanes Geopark

Samráð Kötlu Geopark og Reykjanes Geopark um sameiginleg málefni hefur aukist til muna að undanförnu. Reglulegir fundir starfsfólks jarðvanganna hafa skilað skýrari mynd á sameiginleg hagsmunamál og styrkt okkar samband. Samkvæmt nýlegri skipun GGN er unnið að því að formgera þennan vettvang jarðvanga á Íslandi sem netverk íslenskra jarðvanga. Samráðsnefnd íslenskra jarðvanga fundar tvívar á ári um málefni jarðvanga á Íslandi og frekari þróun þeirra. Upplýsingar um nefndina og fundargerðir er að vinna á vefnum www.geopark.is.

Á þeim vettvangi hafa verið rædd möguleikar á sameiginlegri markaðssetningu UNESCO svæða á Íslandi og hafa fulltrúar jarðvanganna því fylgt eftir til UNESCO nefndarinnar, Íslands-

Alþjóðleg samvinna og samstarfsverkefni

Erasmus +

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum er þátttakandi í nokkrum Erasmus+ verkefnum í gegnum samstarfsvettvang SSS og Hekluna. Stærri verkefnin eru m.a. eftirfarandi:

Developing the Entrepreneurial Capabilities of Young Women (DECOY)

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum f.h. Heklunnar sótti um styrk til Erasmus+ fyrir verkefnið „Developing the Entrepreneurial Capabilities of Young Women“ (DECOY) og lýtur að valdeflingu kvenna af erlendum uppruna á sviði frumkvöðlafærni við að koma eigin viðskiptahugmyndum í framkvæmd til að skapa sér atvinnu og lífsviðurværi.

Umsóknin hlaut heildarstyrk að upphæð 120.000 EUR (16,6 milljónum ISK á núvirði, þar af nemur styrkur til Íslands 27.000 EUR) og stýrir SSS verkefninu. Verkefnið hófst þann 1. nóvember 2022 og er til 17 mánaða. Önnur þátttökulönd eru: Lamia í Grikklandi, Antalya í Tyrklandi, París í Frakklandi og Foggia á Ítalíu. Verkefninu lauk 2024.

Upcycling

Reykjanes jarðvangu hlaut verkefnisstyrk uppá rúmar 320 þúsund evrur frá Erasmus+ fyrir verkefnið „Upcycling as a way to generate less waste and create value-added products in a creative way“. Styrkurinn var afhentur í október 2021 en verkefnið hófst formlega í febrúar 2022. Verkefninu lauk í október 2024 og hlaut verkefnið lof frá Landskrifstofunni.

Þetta var fyrsta Evrópuverkefnið sem Reykjanes jarðvangu leiðir, en það snýr meðal annars að þróun og miðlun á námsefni yfir leik- og grunnskóla til að vekja áhuga á loftslagsmálum og endurvinnslu með nýsköpun í huga. Verkefnið fellur vel að áherslum svæðisins í tengslum við hringrásarhagkerfið.

Jarðvangsþyrtækið Geocamp Iceland er jafnframt samstarfsaðili í verkefninu og kemur til með að vinna að frekari útfærslu verkefna innan svæðisins með jarðvanginum. Aðrir samstarfsaðilar eru reynsluboltar í verkefnum sem snúa að þróun fræðsluefnis í skólum en þeir eru: Polygonal á Ítalíu, Nefinia í Hollandi, Open Europe á Spáni, Agrupamento de Escolas do Brreiro í Portúgal og Szkola Podstawowa im. Batalionow Chłopskich w Jaslikowie í Póllandí.

YouthTrails

Reykjanes UNESCO Global Geopark er leiðir nýtt evrópsk samstarfsverkefni sem miðar að því að efla nærandi og sjálfbæra ferðapjónustu með virkri þátttöku ungs fólks. Verkefnið sem er til tveggja ára nefnist „YouthTrails“ og er styrkt af Erasmus+ menntaáætlun Evrópusambandsins. Markmið þess er að búa til vettvang þar sem ungt fólk, starfsfólk sem tengist æskulýðsmálum og ferðapjónustuaðilar geta unnið saman að nýstárlegum lausnum í vistvænni, sjálfbærri og nærandi ferðapjónustu.

Ársskýrsla 2024

Á upphafsfundi verkefnisins, sem haldinn var á Íslandi 16. – 17. desember 2024, var rætt um þróun gæðastimpils fyrir vistvæna ferðaþjónustu með áherslu á ungt fólk. Einnig var lögð áhersla á þátttöku samfélaga og nærandi ferðaþjónustu sem stuðlar að náttúruvernd og samfélagslegri ábyrgð.

Verkefnið mun nýtast í starfsemi jarðvangsins á fjölbreyttan hátt, sérstaklega með því að virkja ungt fólk í verkefnum í náttúruvernd, menningarviðburðum og vistvænni ferðaþjónustu sem tengist svæðinu. Þá getur verkefnið styrkt tengsl jarðvangsins við svæðisbundna ferðaþjónustu, skóla og æskulýðsstarfsemi, sem stuðlar að aukinni vitund og þátttöku ungs fólks á svæðinu, ásamt því að búa til vettvang fyrir ungt fólk til að taka virkan þátt í sjálfbærri þróunar og vistfræði.

Northern Periphery and Arctic Programme

Regenerate

Markaðsstofa Reykjaness leiðir Interreg NPA verkefni um nærandi ferðaþjónustu. Verkefnið miðar að því að innleiða og styrkja nærandi ferðaþjónustu á Norðurslóðum. Í lok árs 2024 voru sextán ný verkefni samþykkt af framkvæmdanefnd Interreg NPA (Northern Periphery and Arctic) áætlunarinnar. Meðal þeirra er REGENERATE verkefnið sem Markaðsstofan mun leiða næstu þrijá árin. Verkefnið, sem er það eina af verkefnunum sem voru samþykkt sem er leitt af íslenskum samstarfsaðila, miðar að því að innleiða og styrkja nærandi ferðaþjónustu á Norðurslóðum.

Reykjanesið, sem eitt af lykilsvæðum íslenskrar ferðaþjónustu, hefur fundið fyrir auknu á lagi á umhverfi og nærsamfélög svæðisins með vaxandi fjölda ferðamanna. REGENERATE miðar að því að takast á við þessar áskoranir með því að færa áhersluna frá því að draga úr neikvæðum áhrifum yfir í að skapa jákvæðan ávinning fyrir náttúru, samfélag og efnahag. Það er mikill áfangi fyrir Markaðsstofu Reykjaness og Reykjanesið sem heild, að fá að leiða jafn metnaðarfullt og mikilvægt verkefni og REGENERATE. Það gefur okkur einstakt tækifæri til að þroa sjálfbærar svæðisbundnar lausnir fyrir ferðaþjónustuna, ásamt því að vernda viðkvæma náttúru og styrkja samfélagið á Reykjanesi.

Verkefnið sameinar samstarfsaðila frá Íslandi, Finnlandi, Svíþjóð og Írlandi, þar á meðal GeoCamp Iceland, Olemisen Balanssia ry, Karelia University of Applied Sciences, Gold of Lapland Economic Association og Cuilcagh Lakelands UNESCO Global Geopark. Kvikan í Grindavík, Byggðasafnið á Garðskaga og Íslenski ferðaklasinn verða jafnframt mikilvægir hlekkir í vinnunni sem er framundan.

Með heildarfjármagn upp á 1.194.380 evrur, þar af 776.347 evrur frá Evrópska þróunarsjóðnum (ERDF), mun verkefnið einblína á að þroa lausnir og aðferðir sem stuðla að sjálfbærri og nærandi ferðaþjónustu með það að markmiði að styrkja náttúru- og menningarauðlindir á Norðurslóðum.



UNESCO, Global Geoparks Network og European Geoparks Network

Reykjanes jarðvangur er virkur aðili í samstarfi erlendu jarðvanganna á vettvangi UNESCO, Global Geoparks Network (GGN) og European Geoparks Network (EGN). Verkefnastjóri Daníel Einarsson og Þuriður H. Aradóttir Braun eru fulltrúar jarðvangsins í samstarfi erlendu netverkanna og sóttu vorfund EGN í Kula Salihli Geopark, Tyrklandi og stafrænan haustfund. Á vorfundinum kynnti Reykjanes Geopark 17. Ráðstefnu EGN á Reykjanesi.

Samhliða fundum, eru starfsmenn virkir í vinnuhópum EGN og samstarfi jarðvanga innan Evrópu, taka þátt í sameiginlegum viðburðum og alþjóðlegum dögum sem tengjast starfsemi jarðvanga og skrifa greinar í fréttabréf samstarfsins.

Í október heimsótti aðalframkvæmdastjóri UNESCO, Audrey Azoulay, Reykjanes Geopark. Verkefnastjóri fór með hana í stutta ferð um jarðvanginn og kynnti hana fyrir okkar helstu jarðminjastöðum og íslenskri menningu og auðlindum. Okkur var tjáð að hún og hennar teymi hafi verið einstaklega ánægð með heimsóknina.

Svæðisskipulag Suðurnesja

Svæðisskipulag Suðurnesja fundaði níu sinnum á árinu 2024.

Fulltrúar í Svæðisskipulagi Suðurnesja eru eftirfarandi:

Guðmundur Björnsson – Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar (aðalfulltrúi)
Steinþór Einarsson – Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar (varafulltrúi)
Lilja Ósk Sigmarsdóttir – Grindavíkurbær (aðalfulltrúi)
Birgitta Rán Friðfinnsdóttir – Grindavíkurbær (aðalfulltrúi)
Ásrún Helga Kristinsdóttir – Grindavíkurbær (varafulltrúi)
Hallfríður Hólmgrímsdóttir – Grindavíkurbær (varafulltrúi)
Andri Rúnar Sigurðsson – Sveitarfélagið Vogar (aðalfulltrúi)
Davíð Viðarsson – Sveitarfélagið Vogar (aðalfulltrúi)
Gunnar Axel Axelsson – Sveitarfélagið Vogar (varafulltrúi)
Jóna Kristbjörg Stefánsdóttir – Sveitarfélagið Vogar (varafulltrúi)
Einar Jón Pálsson – Suðurnesjabær (aðalfulltrúi)
Jón Ben Einarsson – Suðurnesjabær (aðalfulltrúi)
Gísli Jónatan Pálsson – Suðurnesjabær (varafulltrúi)
Laufey Erlendsdóttir – Suðurnesjabær (varafulltrúi)
Gunnar Kristinn Ottósson – Reykjanesbær (aðalfulltrúi)
Eysteinn Eyjólfsson – Reykjanesbær (aðalfulltrúi)
Guðlaugur H. Sigurjónsson – Reykjanesbær (varafulltrúi)
Róbört J. Guðmundsson – Reykjanesbær (varafulltrúi)
Jón B. Guðnason – Landhelgisgæsla Íslands (aðalfulltrúi)
Hera Sól Harðardóttir – Landhelgisgæsla Íslands (varafulltrúi)
Sveinn Valdimarsson situr fundi nefndarinnar sem staðengill forstjóra Isavia

Formaður nefndarinnar er Eysteinn Eyjólfsson en Einar Jón Pálsson er varaformaður. Í ljósi jarðhræringa á Reykjanesskaganum var ákveðið að stofna vinnuhóp um varavatnsból og samþykkti nefndin að HS orka leiði verkefnið en Svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja tilnefni einn aðila frá hverju sveitarfelagi í hópinn.

Vinnuhópinn skipa:

Gunnar Kristinn Ottósson (Reykjanesbær)
Jón Ben Einarsson (Suðurnesjabær)
Davíð Viðarsson (Sveitarfélagið Vogar)
Sveinn Valdimarsson (Isavia)
Atli Geir Júlíusson (Grindavíkurbær)



Viðfangsefnin skipulagsins eru sex alls en þau eru:

Viðfangsefni Áherslur

Íbúaþróun Ákvörðun um hvort setja eigi fram stefnu um íbúabyggð s.s. um framboð, tegund húsnaðis og tímabundnar lausnir.

Atvinna Farið yfir framfylgd stefnu um sameiginleg atvinnusvæði. Metin þörf á breytingum á afmörkun svæða og stefnu um starfsemi á hverju þeirra.

Auðlindir Leggja til varavatnsból á Suðurnesjum ásamt því að fara yfir afmörkun vatnsbóla og vatnsverndarsvæða. Unnið að stefnu um aðra orkuvinnslu en jarðvarma, s.s. vindorku og virkjun sjávarfalla.

Veitur og samgöngur Stefna um vistvænar samgöngur á Suðurnesjum, sem taka m.a. til orkuskipta og breytttra ferðavenja. Stefna um megin legu innviða s.s. stofnlagna/raflína

Samfélag Unnið með fyrirliggjandi greiningar á náttúru- og veðurvá til að stuðla að öruggi íbúa og atvinnulífs.



5. Viðaukar

Viðauki 1: Gagnatafla Suðurnes

Samantekt yfir verkefni og umfang sviða og undirstofnana Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum fyrir starfsárið 2024. Verkefnin miðast við áherslur og stefnur Sóknaráætlunar Suðurnesja, Áfangastaðaáætlun Reykjaness og Reykjanes UNESCO Global Geopark.

Þekkingaryfirfærsla innan atvinnu- og byggðaþróunar

Fjöldi námskeiða og vinnustofa haldin innan starfssvæðis: 11

Nánari lýsing/athugasemd:

1. Skemmtiferðaskip á Reykjanesi
2. Gæði og hæfni í ferðaþjónustu
3. Virkniþing
4. Vörðum leiðina saman
5. Sala á netinu
6. Vöruþróun
7. Framtíðarhlutverk Fablab
8. Eldfjallaleiðir á Reykjanesi
9. Frumkvöðlar í ferðaþjónustu – hvar á að byrja?
10. Vinnustofur vegna gestastofa Reykjanes Geopark
11. Almyrkvi á Reykjanesi

Fjöldi samstarfsverkefna innan atvinnu- og byggðaþróunar: 5

Nánari lýsing/athugasemd:

1. Norðanátt
2. Íslandsstofa – styrkir og þjónusta
3. Mannamót
4. Matsjáin
5. Ratsjáin

Fjöldi erlendra samstarfsverkefna: 4

Nánari lýsing/athugasemd:

1. Rare Routes
2. Upcycling (verkefnastjórn)
3. Mundus Master Program
4. 17 th European Geopark Conference (haldin í Reykjanesbæ)

Auk þess eru starfsmenn sviða, Markaðsstofu Reykjaness og Reykjanes Geopark, þáttakendur í nokkrum öðrum verkefnum sem aukaaðilar og ráðgjafar.

Þjónustustig atvinnuráðgjafar

Fjöldi stöðugilda innan atvinnuþróunar: 4,5

Nánari lýsing/athugasemd:

Alls eru 4,5 stöðugildi sem sinna atvinnuráðgjöf. Ráðgjafar bera ábyrgð á mismunandi verkefnum innan sinnar sérþekkingar t.d. viðskiptafræðingur, ferðamálafræðingur, jarðfræðingur, íslenskufræðingur og fjölmíðlafræðingur.

Fjöldi atvinnuráðgjafa (ef annað en stöðugildi innan atvinnuþróunar): 4,2

Nánari lýsing/athugasemd:

Auk atvinnuráðgjafa eru 4,2 stöðugildi innan landshlutatasamtakanna er sinna þjónustu óbeint, t.d. móttaka, símsvörun og bókhald.

Fjöldi starfsstöðva með fasta viðveru atvinnuráðgjafa: 1

Nánari lýsing/athugasemd:

Skógarbraut 945, 262 Reykjavík.

Fjöldi veittra vinnustunda innan atvinnuráðgjafar: 924

Nánari lýsing/athugasemd:

Ráðgjöf og stuðningur var samtals 924 tímar árið 2024 en þar er Uppbyggingarsjóður Suðurnesja umfangsmestur sem og ráðgjöf og stuðningur til frumkvöðla jókst á árinu. Þjónusta er aðgengileg í gegnum heimasíðu félagsins, sem og ítarlegar upplýsingar um ráðgjöfina (www.sss.is og www.heklan.is).

Fjöldi auglýsinga/kynningar á atvinnuráðgjöfinni (fréttir á heimasíðu, samfélagsmiðlum, fréttamiðlum, viðburðum eða öðrum vettvöngum): 50

Nánari lýsing/athugasemd:

- 25 Auglýsing/deiling um þjónustu annarra, sjóði og fleira (t.d. Tæknisj./Rannís)
- 8 Þjónusta atvinnuráðgjafa kynnt á Facebook
- 6 Hádegisviðburðir á Facebook
- 22 Heklupóstur/fréttabréf sent á netfangalista
- 2 Skapa á Facebook
- 3 Lóan á Facebook
- 4 Byggðastofnun – kynning á þjónustu
- 5 Fræ
- 1 Norðurslóðaáætlun
- 10 Sóknaráætlun Suðurnesja/Uppbyggingarsjóður
- 2 Samfélagssjóðir HS Orku
- 5 Norðanátt
- 7 FabLab Suðurnes

Atvinnu- og byggðarþróunarverkefni

Fjöldi veittra vinnustunda innan atvinnu- og byggðaþróunarverkefna: 6997

Nánari lýsing/athugasemd:

6997 vinnustundir á árinu 2024. Heildarfjöldi vinnustunda á ári hjá 4,5 starfsmönnum er 8.042 stundir en um 87% beinna vinnustunda fóru í atvinnu- og byggðaþróunarverkefni.

Helstu verkefni sem unnin voru á árinu innan atvinnu- og byggðarþróunar: 12

Nánari lýsing/athugasemd:

1. Aðstoð við Grindavík vegna eldsumbrota
2. Samstarf landshluta í fræðslu til frumkvöðla
3. Fab Lab opnað
4. Sóknaráætlun Suðurnesja 2025-29
5. Skemmtiferðaskip á Reykjanesi
6. Reykjanes Geopark – úttekt
7. Alþjóðleg ráðstefna Reykjanes UNESCO Global Geopark
8. Myndabanki og efnisgerð fyrir Reykjanes
9. Hreinsun strandlengjunnar á Reykjanesi
10. Gæði og hæfni í ferðaþjónustu á Reykjanesi
11. Útilistaverk og arkitektúr
12. Safnahelgi á Suðurnesjum

Önnur verkefni: 6

Nánari lýsing/athugasemd:

1. Snjallleiðsögn um Reykjanesið
2. Efling fræðslustarfs Reykjanes Geopark
3. Myndabanki og efnisgerð
4. Endurútgáfa Reykjanesbókar
5. Ímynd Reykjaness
6. S.S.S. og fyrirtækjaheimsóknir

Viðauki 2: Úthlutun 2024

Uppbyggingarsjóður Suðurnesja úthlutaði styrkjum til 40 verkefna árið 2024. Umsóknir sem bárust voru samtals 80 talsins og hljóðuðu styrkbeiðnir upp á tæplega 220 milljónir króna. Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs úthlutaði kr. 48.000.000.

Skiptingin milla flokka er með þessum hætti:

Stofn og rekstur fá úthlutað 6.300.000. kr.

Menning og listir fá úthlutað 19.300.000. kr.

Atvinnu- og nýsköpun fær úthlutað 22.400.000. kr.

*Menningarverkefnið Safnahelgi á Suðurnesjum er með þriggja ára samning og fær nú úthlutað annað árið af samningnum eða kr. 3.000.000.

Ársskýrsla 2024

Heiti verkefnis	Umsækjandi	Upphæð
Óskabrunnarnir þrír í Innri Njarðvík	Reykjanesbær	1.000.000
Vélasafn Guðna á Trukknum	Suðurnesjabær	800.000
Uppbygging á Bakka	Minja- og sögufélag Grindavíkur	1.500.000
Sjávarsýn–Ljósmyndasýningar í Grindv.	Grindavíkurbær	2.000.000
Vita-þróun 2023	Hollvinasamtök Reykjanessvita & nágr.	1.000.000
Merking gamalla húsa í Garðinum	Ásgeir Magnús Hjálmarsson	800.000
Jazzfjélag Suðurnesjabæjar	Halldór Lárusson	800.000
Kynning á bókmenntaarfínnum	Reykjanesbær	900.000
Safnahelgi á Suðurnesjum	Grindavíkurbær	3.000.000
Barnamenning í Reykjanessbær	Reykjanesbær	1.000.000
Söguskilti 150 ára skólahalds í Vogum	Hilmar E Sveinbjörnsson	250.000
Dans og söngvakeppni	Gunnhildur Gunnarsdóttir	500.000
Útilistaverk og arkitektúr	Markaðsstofa Reykjaness	1.300.000
Suður með sjó	Páll Ketilsson	900.000
Tónleikaröð í Hvalsneskirkju	Magnea Tómasdóttir	500.000
Norðuróp, Hátíðarkór-Óperustúdió	Norðuróp	1.500.000
Óður til Reykjaness	Jón Rúnar Hilmarsson	800.000
Samkomuhúsið Kirkjuhuvoll	Minjafélag Vatnsleysustrandarhrepps	1.500.000
Menningarmiðlun á Reykjanesi.	Stefanía Gunnarsdóttir	250.000
Nýárstónleikar Gala í Reykjanessbær	Alexandra Chernyshova	400.000
Þjóðsögur og sagnir á Suðurnesjum	Reykjanes jarðvangur	800.000
Alþjóðlegi menningarkl. Suðurnesja	Ásta Kristín Guðmundsdóttir	500.000
Frumfl. á lögum Kristínu Matthíasd.	Guðrún Snæbjörnsdóttir	1.000.000
Myndlistarskóli Reykjaness	Gunnhildur Þórðardóttir	800.000
Hið hverfula	Berta Dröfn Ómarsdóttir	300.000
Fjölbætt heilsuefling 65+ á Suðurn.	Janus Friðrik Guðlaugsson	2.000.000
Fróðleksfúsi	Þekkingarsetur Suðurnesja	2.000.000
70 ára afmæli. Karlakórs Keflavíkur	Jón Ragnar Gunnarsson	1.500.000
Íslenski málhljóðamælirinn.	Bryndís Guðmundsdóttir	1.000.000
Víkingar í sýndarveruleika	Víkingaheimar ehf.	2.000.000
Vörupróun og markaðssetn.	Litla brugghúsið	1.250.000
Vistbók – gagnagr.vistv/byggingarefna	Rósa Dögg Þorsteinsdóttir	3.000.000
Markaðsátask Matarbúðin Nándin	Urta Islandica	1.500.000
Aerobooking.net	Sverrir Örn Leifsson	500.000
Mengun sjávar rannsókuð á Suðurn.	Halldór Pálmar Halldórsson	1.000.000
Innl. sýndarveruleikab. til þjálfunar	Jón Guðlaugsson	1.000.000
Kertavita, fimm vitar í Suðurnesjabæ	Suðurnesjabær	500.000
22.10 Brugghús-kaup á dósavél	Steinþór Júlíusson	1.250.000
Stakkur lífsnet	Stakkfjörður ehf	3.900.000
Öryggiskrossinn – The Safety Cross	Mannvirki og malbik ehf	1.000.000

Viðauki 3 – Ársreikningur Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum 2024

Ársreikningur

Samband Sveitarfélaga á Suðurnesjum



SAMBAND SVEITARFÉLAGA Á SUÐURNESJUM

Áritun óháðra endurskoðenda

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu félagsins á árinu 2024, efnahag þess 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir áliti

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum í samræmi við alþjóðlegar síðareglur fyrir endurskoðendur og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanlega vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegrí dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftifarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að

Ársreikningur 2024

byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

- ♦ Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- ♦ Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- ♦ Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemnum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram aðdagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- ♦ Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glöggja mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Reykjanesbær, 14. maí 2025.
Deloitte ehf.

Kristján Þór Ragnarsson
endurskoðandi

Ársreikningur 2024

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum fyrir árið 2024 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum er í eigu sveitarfélaganna á Suðurnesjum og hlutverk þess er að annast ýmis sameiginleg verkefni fyrir þau.

Starfsemin á árinu

Hagnaður félagsins á árinu samkvæmt rekstrarreikningi nam.....	29.710.375
Eignir félagsins í árslok samkvæmt efnahagsreikningi námu	459.750.478
Bókfært eigið fé í árslok samkvæmt efnahagsreikningi var.....	26.532.541
Eiginfjárlutfall félagins í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam.....	5,8%
Fjöldi ársverka á árinu nam.....	10

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Að álti stjórnar og framkvæmdastjóra Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrararárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og framkvæmdastjóri Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum staðfestir hér með ársreikning félagsins með undirritun sinni.

Reykjanesbær, 14. maí 2025.

Í stjórn

*Hauðóra Þóðra Þorvaldsdóttir
Asgríður Kristinsdóttir
Jónína Magnúsdóttir
Bjarni Seljánus*

Framkvæmdastjóri

Borglmundur Kristmundóttir

Ársreikningur 2024

Rekstrarreikningur ársins 2024

	Skýr.	2024	Áætlun 2024	Áætlun 2024
Rekstrartekjur		429.657.220	124.248.000	339.193.817
Breyting á útlögðum kostnaði verkefna		(47.823.423)		(42.741.757)
Laun og annar starfsmannakostnaður	4	(120.191.362)	(68.557.000)	(94.667.752)
Lífeyrisskuldbinding, breyting		16.158.421	(624.000)	(3.049.627)
Styrkir.....		(181.552.486)	(32.282.000)	(131.278.934)
Annar rekstrarkostnaður.....		(70.258.351)	(10.941.000)	(66.262.337)
Afskriftir fastafjármuna	6	(1.050.000)	0	(1.050.000)
 Rekstrarhagnaður		24.940.019	11.844.000	143.410
Fjármunatekjur		11.949.674	0	8.575.036
Fjármagnsgjöld.....		(7.179.318)	0	(8.555.578)
	5	4.770.356	0	19.458
 Hagnaður ársins		29.710.375	11.844.000	162.868

Ársreikningur 2024

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

Eignir	Skýr.	31.12.2024	31.12.2023
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	6	78.750.000	79.800.000
Fjárfestingarverðbréf		1.250.000	1.250.000
		<u>80.000.000</u>	<u>81.050.000</u>
Veltufjármunir			
Krafa vegna verkefna		17.222.376	105.359.310
Viðskiptakröfur.....		1.330.164	72.800
Kröfur á tengd félög	9	107.302.976	83.463.932
Aðrar skammtímakröfur.....		1.170.885	1.258.004
Handbært fé		252.724.077	149.582.799
		<u>379.750.478</u>	<u>339.736.845</u>
Eignir		<u>459.750.478</u>	<u>420.786.845</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	7		
Óráðstafað eigið fé		26.532.541	(3.177.834)
Eigið fé, (neikvætt)		<u>26.532.541</u>	<u>(3.177.834)</u>
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Skuldir við lánastofnanir.....	8	71.638.391	75.753.574
Lífeyrisskuldbinding.....	10	169.920.372	186.078.793
		<u>241.558.763</u>	<u>261.832.367</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		7.994.873	10.276.773
Skuldir vegna verkefna.....		83.692.014	120.825.525
Næsta árs afborganir langtímaskulda.....	8	8.428.046	7.974.060
Skuldir við tengd félög.....	9	70.579.561	660.000
Aðrar skammtímaskuldir		20.964.680	22.395.954
		<u>191.659.174</u>	<u>162.132.312</u>
Skuldir		<u>433.217.937</u>	<u>423.964.679</u>
Eigið fé og skuldir		<u>459.750.478</u>	<u>420.786.845</u>

Ársreikningur 2024

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2024

Rekstrarhreyfingar	2024	2023
Rekstrarhagnaður	24.940.019	143.410
Afskriftir.....	1.050.000	1.050.000
(Lækkun), hækkun skuldbindinga	(16.158.421)	3.049.627
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta.....	9.831.598	4.243.037
Aðrar rekstrartengdar eignir, lækkun, (hækkun)	86.966.689	(2.270.760)
Rekstrartengdar skuldir (lækkun), hækkun.....	(40.846.685)	63.688.746
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	55.951.602	65.661.023
Innborgaðir vextir og arður.....	11.949.674	8.575.036
Greiddir vextir.....	(3.052.077)	(2.074.995)
Handbært fé frá rekstri	64.849.199	72.161.064
 Fjárfestingahr eyfingar		
Hækkun á kröfum á tengd félög.....	(23.839.044)	(12.366.104)
	(23.839.044)	(12.366.104)
 Fjármögnunarhreyfingar		
Afborganir langtímaskulda.....	(7.788.438)	(7.238.660)
Hækkun/(lækkun) á skuldum við tengd félög.....	69.919.561	(540.000)
	62.131.123	(7.778.660)
 Hækkun handbærs fjár	103.141.278	52.016.300
Handbært fé í upphafi árs.....	149.582.799	97.566.499
Handbært fé í lok árs	252.724.077	149.582.799

Ársreikningur 2024

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum er samband sem var stofnað af sveitarfélögum á Suðurnesjum, Grindavíkurbæ, Reykjanesbæ, Suðurnesjabæ og Sveitarfélagini Vogum.

Tilgangur stofnunarinnar er að vinna að hagsmunamálum sveitarfélaganna og efla og styrkja samstarf þeirra. Í sameiginlegum málum komi það fram fyrir hönd sveitarfélaganna gagnvart ríkisvaldinu og öðrum. Kostnaður við rekstur sambandsins skal greiddur miðað við höfðatölu 1. október ár hvert.

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum er með heimilisfesti á Íslandi og er lögheimili félagsins að Skógarbraut 945, 262 Reykjanesbæ.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins.

3. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

4. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2024	2023
Laun og annar starfsmannakostnaður	120.191.362	94.667.752
Meðalfjöldi stöðugilda.....	10	7

Heildarlaun og þóknar til stjórnar og stjórnenda félagsins á árinu 2024 námu 30,2 milljónum króna (2023: 29,8 milljónir króna).

5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:

	2024	2023
Vaxtatekjur af bankainnstæðum	7.488.105	3.894.959
Vaxtatekjur frá tengdum félögum.....	4.410.416	4.646.153
Vaxtatekjur af viðskiptakröfum.....	51.153	303
Gengismunur.....	0	33.621
	<hr/> 11.949.674	<hr/> 8.575.036

Ársreikningur 2024

Fjármagnsgjöld greinast þannig:

Vaxtagjöld af skammtímaskuldum við lánastofnanir	
Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum.....	
Gengistap	
Fjármagnstekjuskattur	
Önnur vaxtagjöld	

2024	2023
0	(201)
(5.141.472)	(7.530.120)
(223.344)	0
(1.642.332)	(856.891)
(172.170)	(168.366)
(7.179.318)	(8.555.578)
4.770.356	19.458

6. Varanlegir rekstrarfjármunir

Kostnaðarverð

Staða 1.1.2024.....	
Staða 31.12.2024	

Fasteignir og lóðir	Samtals
84.000.000	84.000.000
84.000.000	84.000.000

Afskriftir

Staða 1.1.2024.....	
Afskrift ársins	
Staða 31.12.2024	

4.200.000	4.200.000
1.050.000	1.050.000
5.250.000	5.250.000

Bókfært verð

Staða 1.1.2024.....	
Afskrift ársins 31.12.2024.....	

79.800.000	79.800.000
78.750.000	78.750.000

Afskriftarhlutföll	
Fasteignamat og vátryggingamat eigna félagsins í árslok greinist þannig:	

Fasteignar og lóðir	
---------------------------	--

1-6%

Fasteignamat	Vátryggingamat
58.150.000	209.800.000

Eigið fé 1.1.2023	
Tap ársins	

Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
(3.340.702)	(3.340.702)
162.868	162.868

Eigið fé 1.1.2024	
Hagnaður ársins	

(3.177.834)	(3.177.834)
29.710.375	29.710.375
26.532.541	26.532.541

Ársreikningur 2024

8. Langtímaskuldir

	Skuldir við lánastofnanir	
	31.12.2024	31.12.2023
Skuldir í íslenskum krónum.....	80.066.437	83.727.634
Næsta árs afborg. langtímask.	80.066.437	83.727.634
Langtímaskuldir í árslok	(8.428.046)	(7.974.060)
	<u>71.638.391</u>	<u>75.753.574</u>

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

	Skuldir við lánastofnanir	
	31.12.2024	31.12.2023
Næsta árs afborganir.....	8.428.046	7.974.060
Afborganir 2026/2025	8.428.046	7.974.060
Afborganir 2027/2026	8.428.046	7.974.060
Afborganir 2028/2027	8.428.046	7.974.060
Afborganir 2029/2028	8.428.046	7.974.060
Afborganir 2030/2029	8.428.046	7.974.060
Afborganir síðar	29.498.161	35.883.274
	<u>80.066.437</u>	<u>83.727.634</u>

Vegnir meðalvextir eru eftirfarandi:

	31.12.2024	31.12.2023
Skuldir við lánastofnanir.....	1,2%	1,2%

9. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

Viðskipti við tengd félög árið 2024:

	2024		2023	
	Kröfur	Skuldir	Kröfur	Skuldir
Reykjanes Jarðvangur.....	3.136.861	41.000.000	1.843.300	0
Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja	45.951.767	0	59.948.330	0
Markaðsstofa Reykjaness.....	52.940.480	28.873.361	16.761.344	0
Brunavarnir Suðurnesja	0	706.200	0	660.000
Aðildarsveitarfélög	5.273.868	0	4.910.958	0
	<u>107.302.976</u>	<u>70.579.561</u>	<u>83.463.932</u>	<u>660.000</u>

10. Lífeyrisskuldbindingar

Lífeyrisskuldbindingar við LSR við LSR

Á Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum og samreknum stofnunum hvílir skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna félagsins hjá B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Eftirlaunagreiðslur Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins eru miðaðar við fasta fjárhæð frá því þegar úrskurður um lífeyri liggur fyrir en eftir það bera sambandið og samreknar stofnanir ábyrgð á allri hækjun lífeyris.

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum (SSS) hefur til fjölda ára séð um launagreiðslur fyrir Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja (HES) og Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf. (SS). Sökum þess hvíla lífeyrisskuldbindingar á kennitölu SSS sem tilheyra HES og SS. Áfallin skuldbinding hefur verið metin af tryggingarstærðfræðingi miðað við árslok 2024 og uppreiknuð miðað við vísitölu lífeyrisskuldbindinga fyrir opinbera starfsmenn til 31.12.2024 auk 2% vaxta. Í árslok nemur reiknuð lífeyrisskuldbinding á kennitölu SSS um 175,6 milljónum króna. Skuldbindingunni er skipt á milli SSS, HES og SS eftir því hlutfalli sem starfsmenn unnu fyrir hverja stofnun fyrir sig. Eftir skiptingu nemur skuldbindingin fyrir starfsmenn SSS 67,9 milljónum króna í árslok 2024. Hluti SSS í lækkun skuldbindingarinnar á árinu 2024 nam um 1 milljón króna.

Lífeyrisskuldbindingar við Brú lífeyrissjóð

Hjá Brú lífeyrissjóð hvílir skuldbinding á Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum vegna launa starfsmanna Heilsugæslustöðvar Suðurnesja.

Fjárhæð skuldbindingarinnar þann 31.12.2024 nam 102 milljónum króna.

Á árinu 2024 eru tekjfærðar 16,8 milljónir króna vegna reiknaðrar lækkunar skuldbindingarinnar á árinu 2024.

11. Reikningsskilaaðferðir

Erlendis gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Skráning tekna

Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Þjónustutekjur eru eftir atvikum færðar á þeim tímapunkti þegar þjónustan hefur verið innt af hendi, eða samhliða því sem þjónustan er veitt. Tekjur, sem innheimtar hafa verið á reikningsárinu en varða síðari reikningsár, eru færðar til skuldar í efnahagsreikningi sem fyrirframinnheimtar tekjur. Tekjur, sem varða reikningsárið en innheimtast eftir lok þess, eru færðar til eignar í efnahagsreikningi.

Skráning gjalda

Gjöld sem stofnað er til við öflun tekna á tímabilinu eru færð sem rekstrarkostnaður. Gjöld sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari reikningsár eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Gjöld sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, eru færð til skuldar sem áfallinn kostnaður í efnahagsreikningi.

11. Reikningsskilaðferðir frh.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu.

Fjármagnsgjöld eru færð í rekstrarreikning á því tímabili sem þau falla til. Lántökukostnaður er eignfærður og afskrifaður línulega yfir líftíma lánsins.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreknuð yfir í krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning. Peningalegar eignir og skuldir í erlendri mynt eru umreknaðar miðað við gengi myntar árslok og er áfallinn gengismunur færður í rekstrarreikning á meðal fjármagnsliða.

Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttинга á tekjuskatt til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattsstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess.

Tekjuskattseign er metin á reikningskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningsur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Varanlegir rekstrarfjármunir eru afskrifaðir línulega á áætluðum nýtingartíma þeirra, að teknu tilliti til vænts hrakvirðis.

Eignir þar sem eignarréttur er bundinn öðrum samkvæmt samningi um fjármögnunarleigu eru afskrifaðar á áætluðum nýtingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi, og er færður við rekstrarreikning við sölu.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

11. Reikningsskilaaðferðir frh.

Leigusamningar

Leigusamningar eru flokkaðir sem fjármögnunarleigusamningar þegar samningsskilmálar gera ráð fyrir að verulegur hluti áhættu og ávinnings af eigninni flyst til leigutaka. Eignir í fjármögnunarleigu eru færðar á meðal rekstrarfjármuna og afskrifaðar á líftíma þeirra og skuldbinding við leigusala er þá færð til skuldar í efnahagsreikningi. Aðrir leigusamningar eru flokkaðir sem rekstrarleigusamningar og leigugreiðslur gjalffærðar á því tímabili sem þær tilheyra.

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum afborgunum af höfuðstól og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Skuldbindingar vegna vöruábyrgða eru færðar á söludegi viðkomandi vara og metnar af stjórnendum m.t.t. áætlaðs fjárútstreymis sem ábyrgðirnar kunna að valda í framtíðinni.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallins kostnaðar.

Sérgreindur tekju- og gjaldareikningur ársins 2024

Tekjur	Rekstur SSS	Heklan atvinnuþróun	Almannavarnir	Almennings- samgöngur	Sóknaráætlun	Fjölbautarskóli	Náttúrustofa Suðvesturlands	Markaðsstofa Reykjaness	Nefndalaun	Æskulýðsmál	Svæðisskipulag	Frú Ragnheiður á Suðurnesjum	Heilsugæslustöð lífskb.	Samtals
Framlög sveitarfélaga	41.498.004	0	0	0	0	0	0	0	2.500.000	0	8.173.401	0	7.000.000	59.171.405
Framlög úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga	60.401.594	0	0	0	0	0	4.000.000	0	0	0	0	0	0	64.401.594
Önnur framlög.....	9.011.150	77.904.842	14.597.032	76.000.000	108.071.197	0	0	19.000.000	0	0	0	1.500.000	0	306.084.221
	<u>110.910.748</u>	<u>77.904.842</u>	<u>14.597.032</u>	<u>76.000.000</u>	<u>108.071.197</u>	<u>0</u>	<u>4.000.000</u>	<u>19.000.000</u>	<u>2.500.000</u>	<u>0</u>	<u>8.173.401</u>	<u>1.500.000</u>	<u>7.000.000</u>	<u>429.657.220</u>
Gjöld														
Laun og tengd gjöld.....	57.537.973	56.847.063	1.182.326	0	0	0	0	0	4.624.000	0	0	0	0	120.191.362
Breyting lífeyrisskuldbindinga	(16.158.421)	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	(16.158.421)
Önnur rekstrargjöld.....	20.351.456	14.082.014	5.404.073	3.000	8.573.778	0	0	0	0	0	15.659.615	0	6.184.415	70.258.351
Styrkir.....	5.582.468	374.915	0	0	152.595.103	0	4.000.000	19.000.000	0	0	0	0	0	181.552.486
Breyting á útlögðum kostnaði verkefna	65.455.616	0	0	(17.632.193)	0	0	0	0	0	0	0	0	0	47.823.423
Afskriftir fastafjármuna.....			1.050.000										1.050.000	
	<u>133.819.092</u>	<u>71.303.992</u>	<u>6.586.399</u>	<u>(17.629.193)</u>	<u>161.168.881</u>	<u>0</u>	<u>4.000.000</u>	<u>19.000.000</u>	<u>4.624.000</u>	<u>0</u>	<u>15.659.615</u>	<u>0</u>	<u>6.184.415</u>	<u>404.717.201</u>
Rekstrarhagnaður (tap)														
Fjármunatekjur	(22.908.344)	6.600.850	8.010.633	93.629.193	(53.097.684)	0	0	0	(2.124.000)	0	(7.486.214)	1.500.000	815.585	24.940.019
Fjármagnsgjöld.....	11.949.674	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	11.949.674
Tekjuafgangur / (halli) ársins	(7.154.378)	0	0	0	(21.643)	0	0	0	0	0	(3.297)	0	0	(7.179.318)
	<u>(18.113.048)</u>	<u>6.600.850</u>	<u>8.010.633</u>	<u>93.629.193</u>	<u>(53.119.327)</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>(2.124.000)</u>	<u>0</u>	<u>(7.489.511)</u>	<u>1.500.000</u>	<u>815.585</u>	<u>29.710.375</u>
Krafa / (skuld) í upphafi árs.....		(2.310.903)	1.997.252	93.629.193	(95.805.042)	1.101.749	0	0	(2.311.792)	0	8.631.116	(1.500.000)	(497.788)	2.933.785
Millifært á fyrirframinnheimtar tekjur									0					
Krafa / (skuld) í lok árs.....		(8.911.753)	(6.013.381)	0	(42.685.715)	1.101.749	0	0	(187.792)	0	16.120.627	(3.000.000)	(1.313.373)	(44.889.638)
	<u>6.600.850</u>	<u>8.010.633</u>	<u>93.629.193</u>	<u>(53.119.327)</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>(2.124.000)</u>	<u>0</u>	<u>(7.489.511)</u>	<u>1.500.000</u>	<u>815.585</u>	<u>47.823.423</u>	